



VSÓ RÁÐGJÖF



AÐALSKIPULAG SKAGAFJARÐAR 2020-2035

Umhverfisskýrsla

Nóvember 2020 – uppfærð í mars 2022



Efnisyfirlit

1	Inngangur	1
1.1	Yfirlit yfir efni og helstu stefnumið aðalskipulags	1
2	Tilgangur umhverfismats	2
3	Tengsl við aðrar áætlanir	2
3.1	Landsskipulagsstefna 2015-2026.	2
3.2	Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	3
3.3	Aðrar áætlanir til skoðunar	3
4	Aðferðafræði umhverfismats	4
4.1	Nálgun og áherslur	4
4.2	Samanburður valkosta	5
4.3	Málaflokkar og umhverfisþættir	5
4.4	Atvinna og atvinnusvæði	7
4.5	Íbúðarbyggð og önnur byggð	10
4.6	Auðlindir	13
4.7	Samgöngur og veitur	15
4.8	Samfélag og samfélagsþjónusta	18
4.9	Verndarsvæði	20
5	Heildarniðurstaða umhverfismats	21
6	Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda	24
6.1	Iðnaðaruppbygging	24
6.2	Orkuiðnaður og flutningskerfi raforku	24
6.3	Fráveita	24
6.4	Samgöngur	24
6.5	Skógrækt	25
6.6	Blöndulína 3	25
6.6.1	<i>Samanburður valkosta Blönduleiðar 3</i>	25
6.6.2	<i>Samantekt á áhrifum valkosta</i>	29
6.7	Ný efnistökusvæði	29
6.8	Önnur efnistökusvæði	32
7	Heimildir	33

1 Inngangur

Endurskoðun Aðalskipulags Skagafjarðar fellur undir lög um umhverfismat áætlana nr. 195/2006, þar sem skilyrðin í 3. gr. laganna eiga við um aðalskipulagáætlunina:

- Áætlunin er unnin samkvæmt lögum,
- er undirbúin eða samþykkt af stjórnvöldum og
- markar stefnu er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000.

Aðalskipulagsáætlanir eru unnar samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010, sbr. VII. kafla laganna um aðalskipulagsáætlanir. Aðalskipulagið markar stefnu um framkvæmdir sem tilgreindar eru í flokki A, B og C í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Meðal framkvæmda sem falla í þessa flokka má nefna breytingar á stofn- og tengivegum, veitumannvirki svo sem skólphreinsistöð og uppbygging raforkuflutningskerfis. Mörkuð er stefna um landnotkun fyrir fjölbreytta atvinnustarfsemi, svo sem landbúnað og iðnað, sem mögulega felur í sér framkvæmdir tilgreindar í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Umhverfismat áætlana er ákveðið ferli sem ber að fylgja við gerð áætlana svo leggja meggi mat á hvort og þá hvaða áhrif tiltekin áætlun hefur á umhverfið í samræmi við lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Umhverfismat áætlana er aðferð til þess að auka gæði áætlana, breyta þeim og samþætta þær fyrirliggjandi stefnu í umhverfismálum og sjálfbærri þróun.

Tilgangur þessarar umhverfisskýrslu er að greina frá því hvaða áhrif stefnumörkun aðalskipulagsins í tilteknum málaflokkum kunni að hafa á umhverfið og hvernig tekið var tillit til þessara áhrifa við mótnun aðalskipulagsins.

1.1 Yfirlit yfir efni og helstu stefnumið aðalskipulags

Helstu málaflokkar aðalskipulags eru: atvinna, íbúðarbyggð, auðlindir, samgöngur og veitur, samfélag, verndarsvæði og umhverfismál. Stefnumörkun um þessi viðfangsefni byggir á forsendum um íbúðarþróun og spám um mögulega þróun íbúafjöldans í sveitarfélaginu, núverandi atvinnulíf og möguleikum til atvinnuuppbyggingar í sveitarfélaginu, framtíðarsýn íbúa og fyrirtækja í sveitarfélaginu og stefnumörkun annarra áætlana.

Leiðarljós endurskoðaðs aðalskipulags eru að í sveitarfélaginu verði félagslegt öryggi, fjölbreytt félagslíf og öflugt atvinnulíf. Í aðalskipulagstillögu er áhersla lögð á að skapa skilyrði fyrir fjölbreytt atvinnulíf og atvinnutækifæri fyrir fólk með mismunandi menntun og hæfni.

Miðað er við að íbúar verði um 4.400 talsins árið 2035, og er því þörf fyrir um 200 ný störf í sveitarfélaginu á tímabilinu 2020-2035. Sveitarfélagið leggur áherslu á að viðhalda og auka við fjölbreytt atvinnulíf, efla ferðaþjónustu, styrkja framleiðslu, efla sjávarútveg og standa vörð um landbúnaðarsvæði. Stefnan byggir á því að styrkja grunnstoðir atvinnulífs og greinar í vexti og jafnframt draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum vegna atvinnustarfsemi.

Dregið er töluvert úr umfangi stórra atvinnusvæða frá því sem eldra aðalskipulag gerði ráð fyrir, einkum umfangi iðnaðar- og athafnasvæða. Eftir sem áður eru tekin frá nokkuð stór atvinnusvæði í sveitarfélaginu. Ljóst er að öll skilgreind atvinnusvæði samkvæmt aðalskipulaginu munu ekki verða fullbyggð á 15 ára skipulagstímabili, en ákveðið var að afmarka þau svæði sem eru ákjósanleg til uppbyggingar til lengri tíma litið. Stefna um einstök atvinnusvæði er skilgreind með skýrari og markvissari hætti en í eldra aðalskipulagi og sett ákvæði til leiðsagnar fyrir deiliskipulag þeirra.

Leiðarljós fyrir þróun byggðar á Sauðárkróki er að mæta íbúðapörfum með framboði af fjölbreyttu húsnæði. Íbúðarhverfi verði skipulögð með áherslu á fjölbreyttar húsagerðir. Áhersla er lögð á að skapa aðlaðandi umhverfi til búsetu og fjölbreytta búsetukosti bæði í þéttbýliskjörnum og dreifbýli. Þó er gert ráð fyrir að meginhluti íbúðauppyggingar verði innan núverandi þéttbýlisstaða í sveitarfélaginu.

Áhersla er á að ný íbúðarbyggð þróist í góðu samhengi og tengslum við núverandi byggð til að tryggja hagkvæma nýtingu innviða og gott aðgengi íbúa að þjónustu. Miðað er við að nýta vel svæði sem ekki eru fullbyggð, styrkja götmyndir með uppbyggingu óbyggðra lóða eða vannýtttra svæða innan núverandi byggðar og að viðhalda byggðarmynstri. Tekið er mið af verndarákvæðum um eldri byggð á Sauðárkróki og Hofsósi, sbr. staðfestar áætlanir um verndarsvæði í byggð.

Markmið skipulagsins er að framboð og gæði menntunar verði aðdráttarafl fyrir nágrenni Hóla og Sauðárkróks og að menntastofnanir á öllum skólastigum fái svigrúm til að þróa sína starfsemi.

Áhersla er lögð á bættu lýðheilsu með góðu aðgengi að svæðum til útivistar og uppbyggingu á góðri aðstöðu fyrir íþróttaiðkun mismunandi hópa.

Stefna aðalskipulagsins snýr að greiðum og öruggum samgöngum milli þéttbýlisstaða, tengingum við aðliggjandi sveitarfélög og aðgengi að ferðamannastöðum. Samgöngur innan þéttbýlisstaða verði öruggar og þægilegar fyrir alla ferðamáta.

Aðalskipulagið markar auk þess stefnu um orkumál, ræktarland, efnistöku og meðhöndlun úrgangs. Leiðarljós aðalskipulags er hagkvæm nýting lands og landgæða og tryggja nýting auðlinda sé sjálfbær.

2 Tilgangur umhverfismats

Í 1. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 kemur fram að markmið þeirra sé að stuðla að sjálfbærri þróun og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og stuðla að því að við gerð framkvæmda- og skipulagsáætlana sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða. Matsvinnan fyrir endurskoðun aðalskipulags Skagafjarðar miðaði við að þessum tilgangi laganna yrði náð.

Matsvinnunni er ætlað að styrkja umfjöllun um forsendur og tryggja að við ákvörðun um landnotkun verði stuðlað að sjálfbærni og dregið úr neikvæðum umhverfisáhrifum áætlunarinnar. Umhverfismatið tryggir að við ákvarðanir í skipulagi verður litið til umhverfissjónarmiða.

3 Tengsl við aðrar áætlanir

Eftirtaldir áætlanir voru rýndar með hliðsjón af hugsanlegum áhrifum þeirra á mótun aðalskipulagsins:

3.1 Landsskipulagsstefna 2015-2026.¹

Meginviðfangsefni Landskipulagsstefnu 2015-2026 eru stefna um:

- Skipulag á miðhálandisins.
- Skipulag í dreifbýli.
- Búsetumynstur og dreifingu byggðar.

¹ Unnið er að viðauka við landskipulagsstefnu um loftslag, landslag og lýðheilsu.

- Stefna um skipulag á haf- og strandsvæðum.

Til grundavallar stefnumörkun landskipulagsstefnu eru eftirfarandi leiðarljós:

Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að sjálfbærri þróun. Að skipulag byggðar og landnotkunar sé sveigjanlegt og stuðli að seiglu gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum. Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að lífsgæðum fólks. Að skipulag byggðar og landnotkunar styðji samkeppnishæfni landsins alls og einstakra landshluta.

Í Aðalskipulagi Skagafjarðar 2020-2035 eru sett fram markmið sem taka mið af og fylgja eftir landskipulagsstefnu:

- Innan miðhálandisins er heimil minniháttar mannvirkjagerð í tengslum við útivist, svo sem gönguskálar og viðhald núverandi skála og vegslóða, en þess skal gætt að mannvirki og umferð skerði víðerni og náttúrugæði sem minnst.
- Stefna aðalskipulagsins er að styðja við landbúnaðarhefðir en opna einnig ný tækifæri í landbúnaði sem byggja á landgæðum og ímynd sveitarfélagsins með það fyrir augum að auka framleiðslu, bæta hag bænda og halda aftur af fækkun íbúa í dreifbýli. Stefna aðalskipulags skal stuðla að hagkvæmri nýtingu lands og landgæða og tryggja að nýting auðlinda sé sjálfbær.
- Ný íbúðarbyggð þróist í góðum tengslum við núverandi byggð innan þéttbýliskjarnanna með hagkvæma nýtingu lands og þjónustukerfa að leiðarljósi. Tillögur að þéttingu byggðar á vannýttum lóðum eða reitum. Viðmið eru sett um gæði byggðar, vandaða hönnun við skipulag og hönnun mannvirkja, til að skapa eftirsóknarverða búsetu.
- Stuðla að bættri lýðheilsu með góðu aðgengi að svæðum til útivistar og uppbyggingu á góðri aðstöðu fyrir íþróttaiðkun mismunandi hópa. Innan þéttbýliskjarna er áhersla á góðar aðstæður fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur.

3.2 Heimsmarkmið Sameinuðu Þjóðanna

Leiðarljós aðalskipulagsins, sbr. 1. kafla *Sterkur Skagafjörður* og meginmarkmið einstakra málaflokka aðalskipulagsins endurspegla vel heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Þau heimsmarkmið sem helst voru til hliðsjónar við stefnumörkun og umhverfismat aðalskipulagsins eru:

- Ekkert hungur (2), heilsa og vellíðan (3), menntun fyrir alla (4), hreint vatn (6), sjálfbær orka (7), góð atvinna og hagvöxtur (8), nýsköpun og uppbygging (9), sjálfbærar borgir og samfélög (11), ábyrg neysla og framleiðsla (12), aðgerðir í loftslagsmálum (13), líf í vatni (14) og líf á landi (15).

Ennfremur er stuðst við undirmarkmiðin sem ríkisstjórnin hefur skilgreint sem forgangsmarkmið til innleiðingar innanlands.²

3.3 Aðrar áætlanir til skoðunar

- Aðalskipulagsáætlanir aðliggjandi sveitarfélaga.
- Byggingáætlun 2018-2024, sbr. markmið og sértæk verkefni sem snúa að landnotkun, innviðaupbyggingu og byggðapróun. Meginmarkmið byggingáætlunarinnar er að

² <https://www.heimsmarkmidin.is/forsida/hagnytt-efni/forangsmarkmid-rikisstjornarinnar/>

jafna tækifæri allra landsmanna til atvinnu og þjónustu, jafna lífskjör og stuðla að sjálfbærri þróun byggðarlaga um land allt. Henni fylgir aðgerðaáætlun með 54 aðgerðum.

- Velferð til framtíðar, sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, stefnumörkun til 2020.
- Hreint loft til framtíðar – áætlun um loftgæði fyrir Ísland 2018-2029.
 - Meginmarkmið áætlunarinnar er að stuðla að loftgæðum og heilnæmu umhverfi og hefur hún að geyma þrjú undirmarkmið með mælanlegum árangursvísum. Þau markmið eru að fækka ótímabærum dauðsföllum af völdum loftmengunar á Íslandi, fækka árlegum fjölda daga þar sem svifryk fer yfir heilsufarsmörk og halda áfram ársmeðaltali brennisteinsvetnis undir skilgreindum mörkum.
- Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2018 – 2030:
 - Meginmarkmið er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum með það fyrir augum að Ísland geti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart Parísarsamningnum til ársins 2030.
- Verndarsvæði í byggð – áætlanir fyrir elstu bæjarhluta á Sauðárkróki og Hofsósi, staðfestar af mennta- og menningarmálaráðherra 25. febrúar 2021.
- Ferðamálaáætlun 2011-2022.
- Áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða – rammaáætlun, 2. áfangi.
- Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs.
- Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi 2015-2026.
- Samgönguáætlun 2020-2034 og litið til aðgerðaráætlunar til fimm ára fyrir tímabilið 2020-2024.
- Kerfisáætlun Landsnets 2020-2029.
 - Styrking flutningskerfis raforku á Norðurlandi með Blöndulínu 3 milli Blöndu og Akureyrar.
- Náttúruminjasrá og Náttúruverndaráætlun.
- Sóknaráætlun Norðurlands vestra 2020-2024.

4 Aðferðafræði umhverfismats

4.1 Nálgun og áherslur

Fjallað er um áhrif tiltekinna málaflokka og stefnumörkun þeirra á helstu umhverfisþætti. Lögð er áhersla á að meta umhverfisáhrif breytinga frá núverandi skipulagsáætlunum. Til hliðsjónar var einnig umhverfisskýrsla Aðalskipulags Skagafjarðar 2009-2021.

Helstu áhrifaþættir skipulagsins snúa að meginviðfangsefnum þess, sem eru: atvinna, íbúðarbyggð, auðlindir, samgöngur og veitur, samfélag og verndarsvæði. Að teknu tilliti til umfangs og eðlis áhrifa er greint frá heildaráhrifum í umhverfisskýrslunni.

Við mat á áhrifum markmiða og stefnumiða á tiltekna umhverfisþætti er stuðst við matsspurningar og viðmið, sjá töflu 4.1. Í samræmi við niðurstöður matsspurninga og hvernig þær falla að viðmiðum er lagt mat á vægi umhverfisáhrifa. Flokkun umhverfisáhrifa er eftirfarandi:

Mjög neikvæð (--)	Neikvæð (-)	Engin/óveruleg (0)	Jákvæð (+)	Mjög jákvæð (++)
Umfang áhrifa mikið, gengur gegn helstu viðmiðum.	Umfang áhrifa er nokkuð, fellur ekki að viðmiðum að hluta.	Umfang áhrifa er lítið eða ekkert. Fellur að viðmiðum.	Umfang áhrifa er nokkuð, fellur að viðmiðum að hluta.	Umfang áhrifa mikið, er í samræmi við öll viðmið.

Mjög neikvæð áhrif eru skilgreind ef eitt eða fleiri af eftirfarandi atriðum eiga við: Áhrif eru varanleg, skapa hættu fyrir heilbrigði fólks og umhverfið, ná til stórs svæðis og/eða mikils fjölda fólks, gengur gegn stefnumiðum stjórnvalda, lögum og reglum, alþjóðlegum samningum eða öðrum áætlunum sem í gildi eru.

Ef áhrif eru metin neikvæðeða mjög neikvæð er brugðist við með breytingu á stefnu eða mótvægisáðgerðum. Niðurstöður umhverfismats nýtast til þess að skilgreina mögulegar vöktunaraðgerðir ef óvissa ríkir um möguleg umhverfisáhrif.

4.2 Samanburður valkosta

Í umhverfismati skipulagsins er lítið til valkosta um hvernig ná megi markmiðum fyrir meginviðfangsefni aðalskipulagsins, þ.e. atvinnu, íbúðarbyggð, samgöngur og veitur og aðra þætti. Valkostir sem eru til umfjöllunar varða breytingar á stærð og afmörkun kjarna, íbúðarsvæða, atvinnusvæða, samgangna og orkumála.

Umfjöllun um valkosti snýr fyrst og fremst að þeim breytingum sem lagðar eru fram í endurskoðuðu aðalskipulagi og hvaða áhrif þessar breytingar kunna að hafa á umhverfisþættina sem eru til skoðunar, sbr. töflu 4.1. Einnig verður unnin samanburður á umhverfisáhrifum m.v. óbreytt ástand eða gildandi Aðalskipulag Skagafjarðar 2009-2024, þ.e. svokallaðan núll-kost.

4.3 Málaflokkar og umhverfisþættir

Umfjöllun um umhverfisáhrif aðalskipulagsins miðar að því að fjalla fyrst og fremst um þá umhverfisþætti sem líklega verða fyrir áhrifum vegna breytingar á aðalskipulagi. Í töflu 4.1 er yfirlit yfir þá umhverfisþætti sem verða til skoðunar í skipulagsvinnunni.

Við mótnun nýs skipulags og ákvarðana um landnotkun er horft til þess hvernig stefnan styður við sjálfbærra þróun í sveitarfélaginu, og markmið stjórnvalda um skipulagsmál, sjálfbæra þróun, aðgerðir í loftslagsmálum og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna auk nýrrar umhverfisstefnu sveitarfélagsins sem er í vinnslu. Áhersla er lögð á að koma í veg fyrir að framkvæmd aðalskipulagsins gangi á líffræðilegan fjölbreytileika, skerði gæði og aðgengi að neysluvatni, og stefnan taki mið af landslagi og jarðmyndunum. En umhverfismatið er einnig notað til að meta hvort að framkvæmd skipulags falli að markmiðum sveitarfélagsins t.d. um eftirsóknarverðan búsetukost, að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, fjölbreytt atvinnulíf og grunnþjónustu.

Tafla 4-1 Yfirlit yfir umhverfisþætti og helstu áhrifaþætti.

Umhverfisþáttur	Undirþáttur	Matsspurningar Hefur áætlun áhrif á:	Viðmið
Náttúrufar	Jarðfræði og jarðmyndanir	Viðkvæm svæði? Svæði eða stök með verndargildi?	Stefnumörkun ríkisstjórnar um sjálfbæra þróun til 2020. Velferð til framtíðar. Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, m.a. 61. gr. Náttúruverndaráætlun 2004-2008/2009-2013 Samráð/álit: Umhverfisstofnun.
	Vatnafar	Vatnsverndarsvæði (brunn-, grann- eða fjarsvæði)? Vötn sem eru stærri en 1.000 m ² ? Ár og læki?	Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns.

Umhverfis- þáttur	Undirþáttur	Matsspurningar Hefur áætlun áhrif á:	Viðmið
			Reglugerð nr. 785/1999 um starfsemi sem getur haft í för með sér mengun.
	Lífriki (gróður og dýr)	Verndarsvæði? Mikilvæg búsvæði? Mikilvæg gróðursvæði? Hverfisverndarsvæði? Votlendi? Líffræðilegan fjölbreytileika? Sjaldgæfar vistgerðir? Válistategundir?	Stefnumörkun ríkisstjórnar um sjálfbæra þróun til 2020. Velferð til framtíðar. Lög um náttúruvernd nr. 60/2013. Náttúruverndaráætlun 2004-2008/2009-2013. Ríósamningur um líffræðilegan fjölbreytileika, Bernarsamningur um verndun búsvæða.
Landslag	Landslag/ ásýnd	Náttúrulegt landslag ? Ásýnd Skagafjarðar? Viðerni? Landslagsheildir?	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013 Landsskipulagsstefna 2015-2026, sbr. verkefni um kortlagningu viðerna
Loftslag	Loftgæði/ Kolefnislosun	Loftgæði? Losun gróðurhúsalofttegunda frá landnotkun og samgöngum?	Hreint loft til framtíðar – áætlun um loftgæði fyrir Ísland. Reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði. Stefnumörkun ríkisstjórnar um sjálfbæra þróun til 2020. Velferð til framtíðar.
Samfélag	Efnahagur	Atvinnuuppbyggingu?	Skipulagslög nr. 123/2010
	Byggð	Íbúðar- og atvinnuhúsnæði? Byggðamynstur?	Landsskipulagsstefna 2015-2026 Heimsmarkmið Sp, m.a. markmið 11 um sjálfbærar borgir og samfélög.
	Félagslegt umhverfi	Samfélagsþjónustu? Verslun- og þjónustu? Afbreytingu? Lífsgæði?	Stefna sveitarfélagsins Skagafjarðar. Stefnumótandi byggðáætlun fyrir árin 2018–2024. Samgönguáætlun 2019-2033 og aðgerðaráætlun fyrir tímabilið 2019-2023.
	Samgöngur	Akstursvegalemdir? Þjónustustig samgöngukerfis?	
	Menningarminjar	Fornminjar? Búsetulandslag og byggingararf?	Lög um menningarminjar nr. 80/2012. Fyrirliggjandi fornleifaskráningar í sveitarfélaginu. Verndarsvæði í byggð – staðfest stefna fyrir Sauðárkrók og Hofsó
	Landnotkun	Landbúnaðarland?	Skipulagslög nr. 123/2010 Jarðalög nr. 81/2004, sbr. 1. gr. markmið að land sem vel er fallið til búvöruframleiðslu verði varðveitt til slíkra nota.
Heilsa- og öryggi	Heilsa	Hljóðvist? Aðstöðu til heilsuþættandi lífsmáta, hreyfingu, útivist?	Reglugerð nr. 724/2008 um hávaða Heimsmarkmið Sp, sbr. markmið 3 heilsa og vellíðan.
	Öryggi	Áhrif á öryggi íbúa og lögaðila? Náttúruvá á núverandi byggðasvæðum og fyrirhuguðum m.t.t. flóðahættu, sjávarstöðu og jarðskjálfta?	Reglugerð nr. 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða og flokkun og nýtingu hættusvæða. Skýrsla vísindanefndar um loftlagsbreytingar. Samráð/álit: Samgöngustofa, Siglingasvið Vegagerðarinnar, Veðurstofa Íslands.
Auðlindir	Landrými	Ráðstöfun lands? Landnýtingu?	Skipulagslög nr. 123/2010, sbr. markmið laganna. Landsskipulagsstefna 2015-2026
	Landbúnaðarland	Gott ræktarland?	Jarðalög nr. 81/2004, sbr. 1. gr. markmið að land sem vel er fallið til búvöruframleiðslu verði varðveitt til slíkra nota.
	Verndarsvæði	Umfang verndarsvæða og sett verndarmarkmið?	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013 Náttúruverndaráætlun
	Orkunotkun	Orkunotkun? Nýtingu jarðefnaeldsneytis?	

Umhverfis- þáttur	Undirþáttur	Matsspurningar Hefur áætlun áhrif á:	Viðmið
	Vatnsnotkun/ vatnsbúskapur. Vatnsból	Vatnsnotkun? Vatnsból?	
	Sorp og fráveita. Meðhöndlun úrgangs		Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs. Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi 2015-2026.

Umhverfismatið byggir að mestu á fyrirliggjandi gögnum um umhverfispætti. Gert er ráð fyrir að á þeim svæðum þar sem ráðgert er að ráðast í framkvæmdir, mannvirkjagerð eða hreyfa við landi á næstu árum fari fram ítarlegra umhverfismat við gerð deiliskipulags og fyrir útgáfu framkvæmdaleyfa.

4.4 Atvinna og atvinnusvæði

Í Aðalskipulagi Skagafjarðar 2009-2021 var meginþungi atvinnustefnunnar að skilgreina ný iðnaðarsvæði til að skapa aðstöðu fyrir stóriðju í sveitarfélaginu með tilheyrandi umsvifum og samlegðaráhrifum til styrkja efnahag sveitarfélagsins. Jafnframt er gert ráð fyrir góðu framboði atvinnusvæða innan þéttbýliskjarna fyrir léttan iðnað, verslun og þjónustu. Á landbúnaðarsvæðum er gert ráð fyrir uppbyggingu atvinnutækifæra svo sem ferðapjónustu.

Aðalskipulag Skagafjarðar 2020-2035 setur fram ítarlegri markmið um þróun atvinnulífs. Áhersla er lögð á að skapa skilyrði fyrir fjölbreytt atvinnulíf í sveitarfélaginu og atvinnutækifæri fyrir fólk með mismunandi menntun og hæfni. Áhersla er lögð á styrkar grunnstoðir atvinnulífs og möguleika fyrir greinar í vexti, ásamt því að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum atvinnustarfsemi. Meðal markmiða í atvinnuuppbyggingu eru:

- Að styrkja grunnstoðir atvinnulífsins, landbúnað, sjávarútveg og ferðapjónustu og skapa skilyrði fyrir vaxtarsprotu - vöruþróun og nýsköpun.
- Að efla ferðapjónustu með stefnu sem styður við þróun ferðamannastaða, veitinga- og gistipjónustu. Stuðla að fjölgun gistinotta í Skagafirði og afþreyingarmöguleikum.
- Fjölga atvinnutækifærum fyrir fólk með framhaldsmenntun og sérfræðipækkingu. Nýta tækifæri sem felast í fjölgun starfa án staðsetningar.
- Að skapa ákjósanleg skilyrði fyrir þróun fjölbreytts iðnaðar, svo sem matvælaframleiðslu, verkstæða og fyrirtækja á sviði mannvirkjagerðar.
- Að bæta ásýnd atvinnusvæða með ákvæði um vandaða uppbyggingu og frágang atvinnusvæða sem skal fylgja eftir í deiliskipulagi og við útgáfu leyfa.
- Tryggja aðgengi að góðu landbúnaðarlandi.

Tafla 4-2 Atvinna og atvinnusvæði -umhverfisáhrif

Umhverfisþáttur	Valkostur 0 Aðalskipulag Skagafjarðar 2009-2021 ³	Valkostur 1 Aðalskipulag Skagafjarðar 2020-2035	
	Atvinna og atvinnusvæði	Atvinna og atvinnusvæði	
1. Náttúrufar	Neikvæð (-)	Neikvæð (-)	
1.1 Jarðfræði og jarðmyndanir	Gert ráð fyrir iðnaðar-, hafnar- og athafnasvæðum á svæðum sem ekki eru byggð. Mun hafa neikvæð áhrif á landi, lífríki og strandlengju.	Áfram gert ráð fyrir iðnaðar-, hafnar og athafnasvæðum á svæðum sem nú eru án mannvirkja. Mun hafa neikvæð áhrif á landi, lífríki og strandlengju.	
1.2 Vatnafar. Sjór, strandlengja, ár			
1.3 . Lífríki (gróður og dýr)			
2. Landslag	Neikvæð (-)	Neikvæð (-)	
2.1 Náttúrulegt landslag	Uppbygging atvinnusvæða hefur áhrif á náttúrulegt landslag og ásýnd byggðar. Iðnaðaruppbygging líkleg til að hafa neikvæð áhrif á landslag og ásýnd byggðar.	Uppbygging atvinnusvæða hefur áhrif á náttúrulegt landslag og ásýnd byggðar. Iðnaðaruppbygging líkleg til að hafa neikvæð áhrif á landslag og ásýnd byggðar. Ákvæði um vandaða uppbyggingu og frágang atvinnusvæða sem skal fylgja eftir í deiliskipulagi og hönnun geta dregið úr neikvæðum sjónrænum áhrifum.	
2.2. Ásýnd byggðar			
2. Loftslag	Neikvæð (-)	Jákvæð (+)	Neikvæð (-)
2.1 Loftgæði	Staðbundin neikvæð áhrif á loftgæði í grennd við iðnaðarstarfsemi. Iðnaðaruppbygging mun auka losun GHL. Stefna um skógrækt og markmið um þéttingu byggðar hafa jákvæð áhrif á loftslag, en vægi jákvæðra áhrifa líklega óveruleg.	Staðbundin neikvæð áhrif á loftgæði í grennd við iðnaðarstarfsemi. Iðnaðaruppbygging mun auka losun GHL. Stefna um skógrækt, markmið um þéttingu byggðar hafa jákvæð áhrif á loftslag, en vægi jákvæðra áhrifa líklega óveruleg. Stuðlað að vernd votlendissvæða til að auka ekki losun frá landi.	
2.2. Losun gróðurhúsalofttegunda			
3. Samfélag	Jákvæð (+)	Jákvæð (+)	
3.1 Atvinnulíf og efnahagur	Gert er ráð fyrir rými til atvinnuuppbyggingar á iðnaðarsvæðum, athafnasvæðum og svæðum fyrir verslun og þjónustu.	Gert er ráð fyrir rými til atvinnuuppbyggingar á iðnaðarsvæðum, athafnasvæðum og svæðum fyrir verslun og þjónustu. Áhersla á fjölbreytta atvinnustarfsemi og heimildir á landbúnaðarsvæðum til að efla atvinnu.	
3.2 Byggð, íbúðar- og atvinnuhúsnæði	Framboð atvinnulóða fyrir fjölbreytta atvinnustarfsemi. Þróunarmöguleikar fyrir núverandi atvinnustarfsemi.	Framboð atvinnulóða fyrir fjölbreytta atvinnustarfsemi. Fjölbreyttir þróunarmöguleikar fyrir núverandi atvinnustarfsemi vegna framboðs og aðgengi að mikilvægum innviðum.	
3.3. Samfélagsþjónusta	Gert ráð fyrir fjölbreyttri samfélagsþjónustu. Landnotkun gerir ráð fyrir uppbyggingu heilbrigðis-, mennta-, og menningarstarfsemi.	Gert ráð fyrir fjölbreyttri samfélagsþjónustu. Landnotkun gerir ráð fyrir uppbyggingu heilbrigðis-, mennta-, og menningarstarfsemi.	
3.4 Menningarminjar	Ný atvinnusvæði eru ekki líkleg til að hafa neikvæð áhrif á friðaðar menningarminjum.	Ný atvinnusvæði eru ekki líkleg til að hafa neikvæð áhrif á friðaðar menningarminjum. Ferðþjónusta byggir m.a. á aðdráttaraffli menningarminja fellur vel að markmiðum um verndun menningarminja.	
3.4 Landnotkun	Stefna um atvinnusvæði er talin hafa óveruleg áhrif á aðra landnotkun. Þó er	Stefna um atvinnusvæði er talin hafa óveruleg áhrif á aðra landnotkun.	

³ Byggt á umhverfisskýrslu Aðalskipulags Skagafjarðar 2009-2021, sbr. samantekt kafla 4.24 í greinargerð aðalskipulagsins 2009

Umhverfisþáttur	Valkostur 0 Aðalskipulag Skagafjarðar 2009-2021 ³	Valkostur 1 Aðalskipulag Skagafjarðar 2020-2035
	Atvinna og atvinnusvæði	Atvinna og atvinnusvæði
	mögulegt að þar sem athafnasvæði liggja að íbúðarbyggð eða frístundabyggð geti komið fram neikvæð áhrif.	Sett eru ákvæði til að minnka líkur á að íbúðarbyggð stafi ónæði af atvinnustarfsemi á nærliggjandi athafnasvæðum.
4. Heilsa- og öryggi	Engin/óveruleg (0)	Engin/óveruleg (0)
4.1 Náttúruvá	Ekki gert ráð fyrir verulegri uppbyggingu þar sem talin er mikil hættu af völdum náttúruvá. Tryggja þarf sjóvarnir Sauðárkrókshafnar.	Ekki gert ráð fyrir verulegri uppbyggingu þar sem talin er mikil hættu af völdum náttúruvá. Tryggja þarf sjóvarnir Sauðárkrókshafnar. Afmörkuð eru ofanflóðahættusvæði og ákvæði sett um uppbyggingu innan þeirra. Mikilvægt að skilgreina flóðasvæði á skipulagstímabilinu, byggt á greiningum Veðurstofu Íslands.
4.2 Öryggi	Atvinnusvæði eru á hluta á svæði sem skilgreind hafa verið sem hættusvæði.	Staðsetning atvinnusvæði eru ekki líklegt til að hafa áhrif á öryggi íbúa og fyrirtækja.
4.3 Hljóðvist	Ný atvinnusvæði þar sem áður var óbyggt land hafa neikvæð staðbundin áhrif á hljóðvist.	Ný atvinnusvæði þar sem áður var óbyggt land hafa neikvæð staðbundin áhrif á hljóðvist. Til að draga úr áhrifum hefur verið litið til staðsetninga svæða og m.a. settir skilmálar eru settir um fjarlægðir frá byggð eða annarri starfsemi.
4.4 Aðstaða til heilsuþætandi lífsmáta og vellíðan	Stefna um atvinnusvæði hefur ekki áhrif á aðstöðu til að bæta lýðheilsu.	Stefna um atvinnusvæði hefur ekki áhrif á aðstöðu til að bæta lýðheilsu.
5. Auðlindir	Neikvæð (-)	Jákvæð (+)
5.1 Landrymi	Iðnaðar- og athafnasvæði ganga á óraskað land. Talsvert land fyrir undir atvinnusvæði.	Dregið er úr umfangi iðnaðarsvæða frá því sem áður var. Talsvert land fer undir atvinnusvæði.
5.2 Landbúnaðarland	Markmið um hagkvæma nýtingu landbúnaðarlands. Atvinnusvæði ganga ekki á landbúnaðarland.	Áfram stefnt að hagkvæmri nýtingu landbúnaðarlands. Góðu ræktarlandi verði ekki ráðstafað undir aðra starfsemi. Flokkun landbúnaðarland og kortlagning landbúnaðarlands eftir gæðum styður við sett markmið. Atvinnusvæði ganga ekki á gott landbúnaðarland. Viðmið sett um umfang og fyrirkomulag uppbyggingar á landbúnaðarsvæðum.
5.3 Verndarsvæði	Friðlýst svæði og svæði á náttúruminjasrá eru afmörkuð í aðalskipulagi.	Friðlýst svæði og svæði á náttúruminjasrá eru afmörkuð í aðalskipulagi. Settir eru skilmálar um verndarsvæði, sem taka m.a. til atvinnusvæða. Almennt er ekki gengið á verndarsvæði vegna atvinnuuppbyggingar.
5.4 Orkunotkun	Stefna um orkufrekan iðnað hefur líkleg neikvæð áhrif á þennan þátt, en áhrifin háð óvissu um eðli iðnaðar og orkuöflun.	Stefna um orkufrekan iðnað hefur líkleg neikvæð áhrif á þennan þátt, en áhrifin háð óvissu um eðli iðnaðar og orkuöflun. Stefnt er að rafvæðingu Sauðárkrókshafnar á skipulagstímabilinu.
5.4 Vatnsnotkun/ vatnsbúskapur. Vatnból.	Atvinnuuppbyggingu fylgir aukin vatnsnotkun. Ekki líklegt að hún hafi neikvæð áhrif á vatnsból (grunnvatn).	Atvinnuuppbyggingu fylgir aukin vatnsnotkun. Ekki líklegt að hún hafi neikvæð áhrif á vatnsból (grunnvatn).
5.7 Sorp og fráveita	Stefna um skólphreinsivirki og meðhöndlun úrgangs.	Stefna um skólphreinsivirki og meðhöndlun úrgangs.

Umhverfispáttur	Valkostur 0 Aðalskipulag Skagafjarðar 2009-2021 ³	Valkostur 1 Aðalskipulag Skagafjarðar 2020-2035
	Atvinna og atvinnusvæði	Atvinna og atvinnusvæði
		Stefna um meðhöndlun og förgun sorps í samræmi við svæðisáætlun.

4.5 Íbúðarbyggð og önnur byggð

Þróun íbúðarbyggðar hefur áhrif á flesta umhverfispætti sem eru til skoðunar. Uppbygging hefur áhrif á náttúrufar og landslag, svo sem þegar nýtt land er brotið undir byggð. Íbúðarbyggð og þróun hennar hefur áhrif á samfélagslega þætti eins og efnahag, byggðamynstur, samgöngur og félagslegt umhverfi, svo sem samfélagsþjónustu, verslun og lífsgæði íbúa. Staðsetning íbúðarbyggðar og fyrirkomulag byggðar eru áhrifaþættir á heilsu, svo sem vegna hljóðvistar, aðstöðu til heilsuþættandi lífsmáta og hreyfingar. Þar að auki hefur staðsetning íbúða- og frístundabyggðar hefur áhrif á öryggi íbúa með hliðsjón af náttúruvá, svo sem flóðahættu.

Gildandi stefna aðalskipulags um íbúðar- og frístundabyggð.

Aðalskipulag Skagafjarðar 2009-2021 gerir ráð fyrir þéttingu núverandi byggðar og að ljúka uppbyggingu svæða sem ekki voru fullbyggð. Einnig eru afmörkuð ný íbúðarsvæði og eru þau stærstu á Sauðárkróki og Hofsósi.

Í Aðalskipulagi Skagafjarðar 2009-2021 er viðmið um þéttleika á bilinu 5-15 íbúðir á hektara sem gildir um öll íbúðarsvæði. Stærð íbúðarsvæða og viðmið um þéttleika byggðar gefa kost á uppbyggingu íbúða umfram ætlaða íbúðaþörf miðað við íbúaspá, en fram kemur í aðalskipulaginu að þau verði ekki öll fullbyggð á skipulagstímabilinu.

Í dreifbýli er íbúðauppbygging einkum á bújörðum og í Aðalskipulagi Skagafjarðar 2009-2021 er gert ráð fyrir að á landbúnaðarsvæðum megi byggja ný íbúðarhús, frístundahús og aðstöðu fyrir þjónustu eða athafnastarfsemi, þótt þau tengist ekki landbúnaði.

Gert er ráð fyrir stækkun og þéttingu frístundabyggða og nýjum svæðum undir frístundabyggð í sveitarfélaginu. Einnig heimilt að nota íbúðir í gömlu bæjarhlutunum á Hofsósi sem frístundahús.

Á heildina litið kemur stefnumörkun Aðalskipulags Skagafjarðar 2009-2021 sem snýr að byggð fyrst og fremst til með að hafa óveruleg eða jákvæð áhrif á þá umhverfispætti sem metnir eru. Stefnan er þó líkleg til að hafa neikvæð áhrif á auðlindir og má þar helst nefna landrymi og einnig náttúrufar með nýjum svæðum undir íbúðarbyggð og frístundabyggð. Neikvæðu áhrifin eru talin óveruleg þar sem ekki er gengið á viðkvæm náttúruleg svæði eða verndarsvæði.⁴

Helstu áherslur í endurskoðuðu aðalskipulagi

Í tillögu að Aðalskipulagi Skagafjarðar 2020-2025 er gert er ráð fyrir að meginhluti íbúðauppbyggingar verði innan þéttbýliskjarnanna fimm. Dregið er úr umfangi nýrrar íbúðabyggðar með hliðsjón af áætlaðri íbúðaþörf. Munar mestu að íbúðabyggð á Nöfum er felld út og á Hofsósi er dregið úr stærð nýrrar íbúðarbyggðar í suðurbænum. Einnig er gert ráð fyrir uppbyggingu íbúða á bújörðum og búsetumöguleikum í dreifbýli. Um stök

⁴ Byggt á niðurstöðum í umhverfisskýrslu Aðalskipulags Skagafjarðar 2009-2021, sbr. kafla 3.1.3 og tafla 1: Byggð-umhverfismat.

Íbúðarhús án tengsla við búskap og frístundahús á bújörðum eru sett viðmið um fjölda og umfang.

Innan þéttbýlisstaða er áfram gert ráð fyrir þéttingu innan núverandi byggðar. Ný íbúðarbyggð verði sem mest tengd eldri byggð og af svipuðum þéttleika. Fjöldi nýrra íbúða og samsetning húsagerða er skilgreindur á hverju svæði með hliðsjón af staðbundnum aðstæðum. Meðal markmiða um þróun íbúðarbyggðar eru:

- Að mæta megi mismunandi íbúðarþörfum með framboði af fjölbreyttu húsnæði. Íbúðarhverfi verði skipulögð með áherslu á fjölbreyttar húsagerðir.
- Ný íbúðarbyggð þróist í góðu samhengi og tengslum við núverandi byggð til að tryggja hagkvæma nýtingu innviða og til að stuðla að góðu aðgengi íbúa að þjónustu. Miðað er við að nýta vel svæði sem ekki eru fullbyggð, styrkja götumyndir með uppbyggingu óbyggðra lóða eða vannýtttra svæða innan núverandi byggðar og að viðhalda byggðarmynstri.
- Að efla núverandi þéttbýliskjarna og tengja þá betur saman með því að nýta styrkleika og gæði hvers kjarna.
- Viðmið sett um gæði byggðar, vandaða hönnun við skipulag og hönnun mannvirkja, til að skapa eftirsóknarverða búsetu.

Áhrif stefnu um byggð í tillögu að Aðalskipulagi Skagafjarðar 2020-2035 er líkleg til að auka hagkvæmni landnýtingar og grunnkerfa sem eru til staðar. Skýrar er kveðið á um fjölbreyttar húsagerðir sem tryggir betur að mismunandi húsnæðisþörfum verði mætt.

Staðsetning íbúðarbyggðar sem næst þungamiðju atvinnu- og þjónustu innanbæjar dregur úr akstursvegalengdum og gerir íbúum auðveldara að sinna erindum sínum innan þéttbýlis án þess að nota bíl. Minni bílanotkun hefur jákvæð áhrif á efnahag, loftgæði, hljóðvist og umferðaröryggi. Með göngu- og hjólavænu umhverfi er stutt við markmið um bættu lýðheilsu og lífsgæði.

Markmið og ákvæði um vandaða uppbyggingu og hönnun umhverfis við deiliskipulagsgerð stuðlar að bættri ásýnd og yfirbragði byggðar.

Svæði fyrir frístundabyggð eru sömu og í eldra aðalskipulagi, ekki gert ráð fyrir nýjum svæðum. Dregið er úr hámarksfjölda frístundahúsa á sumum svæðanna.

Tafla 4-3 íbúðarbyggð og frístundabyggð - umhverfisáhrif

Umhverfisþáttur	Valkostur 0 Aðalskipulag Skagafjarðar 2009-2021 ⁵	Valkostur 1 Aðalskipulag Skagafjarðar 2020-2025
	Íbúðarbyggð og frístundabyggð	Íbúðarbyggð og frístundabyggð
1. Náttúrufar	Neikvæð (-)	Engin/óveruleg (0)
1.1 Jarðfræði og jarðmyndanir	Nýjum svæði undir íbúðarbyggð og frístundabyggð ganga á náttúruleg svæði.	Umfang nýrrar íbúðarbyggðar minnkar. Viðmið sett um uppbyggingu nýrra íbúðarhúsa og frístundahúsa á landbúnaðarsvæðum.
1.2 Vatnafar. Sjó, strandlengja, ár	Gert ráð fyrir að á landbúnaðarsvæðum megi byggja ný íbúðarhús og frístundahús. Ekki sett viðmið um fjölda stakra húsa á landbúnaðarsvæðum.	
1.3 . Lífríki (gróður og dýr)		

⁵ Byggt á umhverfisskýrslu Aðalskipulags Skagafjarðar 2009-2021, sbr. samantekt kafla 4.24 í greinargerð aðalskipulagsins 2009

Umhverfisþáttur	Valkostur 0 Aðalskipulag Skagafjarðar 2009-2021 ⁵	Valkostur 1 Aðalskipulag Skagafjarðar 2020-2025
	Íbúðarbyggð og frístundabyggð	Íbúðarbyggð og frístundabyggð
2. Landslag	Neikvæð (-)	Jákvæð (+)
2.1 Náttúrulegt landslag	Ný íbúðarbyggð á Nöfum. Ekki eru sett fram ákvæði um gæði byggðar sem fylgja skal eftir í deiliskipulagi.	Dregið úr uppbyggingu á áður óröskuðum svæðum. Sett eru fram viðmið og gæðamarkmið um ásýnd og yfirbragð byggðar sem fylgja skal eftir á deiliskipulagsstigi.
2.2. Ásýnd byggðar		
2. Loftslag	Engin/óveruleg (0)	Engin/óveruleg (0)
2.1 Loftgæði	Áhrif íbúðaruppbyggingar og frístundabyggð á loftgæði og loftslag eru talin óveruleg.	Áhrif íbúðaruppbyggingar og frístundabyggð á loftgæði og loftslag eru talin óveruleg. Áhersla á þéttingu byggðar og nýtingu núverandi innviða eru líkleg til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda vegna minni umsvifa mannvirkja og styttri ferða.
2.2. Losun gróðurhúsalofttegunda		
3. Samfélag	Jákvæð (+)	Jákvæð (+)
3.1 Atvinnulíf og efnahagur	Íbúðaruppbygging styrkir stoðir atvinnulífsins og efnahags svæðisins. Fjölgun heimila kallar á aukna þörf fyrir þjónustu og tækifæri til atvinnuuppbyggingar.	Íbúðaruppbygging styrkir stoðir atvinnulífsins og efnahags svæðisins. Fjölgun heimila kallar á aukna þörf fyrir þjónustu og tækifæri til atvinnuuppbyggingar. Fjölbreytt framboð húsnæðis er líklegt til að styrkja sveitarfélagið sem öflugt atvinnusvæði.
3.2 Byggð, íbúðar- og atvinnuhúsnæði	Gott framboð lóða fyrir íbúðaruppbyggingu. Ekki eru sett fram sérstök viðmið um húsagerðir.	Framboð lands og lóða fyrir nýjar íbúðir mætir þörfum miðað við forsendur um íbúafjölgun. Áhersla lögð á fjölbreyttar húsagerðir sem mæta mismunandi húsnæðisþörfum íbúa. Sveigjanleiki er í uppbyggingaráformum, sem auðveldar sveitarfélaginu að bregðast við þróun hverju sinni.
3.3. Samfélagsþjónusta	Stækkun íbúðarbyggðar kallar á aukna samfélagsþjónustu, skóla og heilbrigðisþjónustu.	Stækkun íbúðarbyggðar kallar á aukna samfélagsþjónustu, skóla og heilbrigðisþjónustu. Stefnan er líkleg til að styðja við markmið um öfluga samfélagsþjónustu í sveitarfélaginu.
3.4 Menningarminjar	Skilgreind íbúðarbyggð tekur til svæða þar sem eru skráðar minjar. Áhrif á menningarminjar eru óljós og háð útfærslu uppbyggingar og framkvæmda.	Skráðar minjar eru innan íbúðarbyggðar. Ákvæði eru um verndun minja og húsa og skráningu minja á deiliskipulagsstigi. Áhrif byggðar á menningarminjar eru talin óveruleg.
3.4 Landnotkun	Íbúðarbyggð gengur ekki á gott landbúnaðarland. Svæði fyrir frístundabyggð taka til lands sem fellur í flokk ræktarlands og lands sem nýst gæti til landbúnaðar.	Íbúðarbyggð gengur ekki á gott landbúnaðarland. Svæði fyrir frístundabyggð taka til lands sem fellur í flokk landbúnaðarlands III og IV. Skilmálar á landbúnaðarsvæðum eru líklegir til að draga úr eða koma í veg fyrir neikvæð áhrif á landbúnaðarland.
4. Heilsa- og öryggi	Engin/óveruleg (0)	Jákvæð (+)
4.1 Náttúruvá	Markmið um skráningu hættusvæði í sveitarfélaginu, svæði sem ógnað er af snjó- og vatnsflóðum, aurskriðum og jarðskjálftum. Ekki eru tillögur um framkvæmdir á þekktum hættusvæðum og við deiliskipulagsgerð skal tekið tillit til upplýsinga sem fram koma á væntanlegri skrá yfir hættusvæði.	Tillagan tekur mið af skráðum hættusvæðum. Á Sauðárkróki eru sett fram ákvæði um íbúðarbyggð til að draga úr hættu vegna ofanflóða undir Nöfum. Mikilvægt að skilgreina flóðasvæði á skipulagstímabiliinu, byggt á greiningum Veðurstofu Íslands.

Umhverfisþáttur	Valkostur 0 Aðalskipulag Skagafjarðar 2009-2021 ⁵	Valkostur 1 Aðalskipulag Skagafjarðar 2020-2025
	Íbúðarbyggð og frístundabyggð	Íbúðarbyggð og frístundabyggð
4.2 Öryggi	Stefna um íbúðarbyggð og frístundasvæði hvorki líkleg til að auka né draga úr öryggi eða hafa áhrif á heilsu.	Stefna um íbúðarbyggð og frístundasvæði hvorki líkleg til að auka né draga úr öryggi eða hafa áhrif á heilsu.
4.3 Hljóðvist	Stefnan er ekki líkleg til að breyta hljóðvist.	Stefnan er ekki líkleg til að breyta hljóðvist. Íbúðarbyggð er almennt staðsett í hæfilegri fjarlægð frá samgöngum og atvinnustarfsemi.
4.4 Aðstaða til heilsuþætandi lífsmáta og vellíðan	Öll byggð í Skagafirði hefur gott framboð útivistarsvæða og skilgreint kerfi göngustíga og reiðleiða. Í grennd við þéttbýlistaðina Sauðárkrók, Varmahlíð og Hóla eru skógræktarsvæði með göngustígum.	Í nægrenni allrar byggðar í Skagafirði eru útivistarsvæði og hefur skilgreint kerfi stíga og reiðleiða. Við þéttbýlistaðina Sauðárkrók, Varmahlíð og Hóla eru skógræktarsvæði með göngustígum. Áhersla er lögð á að staðsetja íbúðir nærri þjónustusvæðum og að íbúar geti sinnt daglegum erindum án bíls.
5. Auðlindir	Neikvæð (-)	Engin/óveruleg (0)
5.1 Landrými	Gert ráð fyrir verulegri stækkun íbúðarbyggðar í öllum þéttbýlistöðunum. Ný íbúðarbyggð og frístundabyggð tekur yfir allstórt land.	Dregið er úr svæðum fyrir nýja íbúðarbyggð. Áherslan er á þéttingu og nýta núverandi innviði eins og kostur er.
5.2 Landbúnaðarland	Stök íbúðarhús og frístundabyggð heimil á landbúnaðarlandi. Ekki sett viðmið um umfang. Möguleg neikvæða áhrif á landbúnaðarland.	Stefna um íbúðar- og frístundahús á landbúnaðarsvæðum með viðmiðum um byggingarheimildir styður markmið um hagkvæma nýtingu landbúnaðarlands.
5.3 Verndarsvæði		Ekki gert ráð fyrir nýrri byggð sem gengur á eða raskar svæðum sem njóta verndar. Skilgreind hafa verið verndarsvæði í byggð, sem stuðla að vernd menningarminja.
5.4 Orkunotkun	Ekki til umfjöllunar.	Almennt er ekki gert ráð fyrir breytingu á orkunotkun á íbúðar- og frístundasvæðum. Lögð er fram markmið um orkuskipti í samgöngum þannig að íbúar eigi kost á að nýta sér vistvænni farartæki.
5.4 Vatnsnotkun/ vatnsbúskapur. Vatnból.	Áhrif stefnu talin hafa óveruleg áhrif á þennan þátt.	Áhrif stefnu talin hafa óveruleg áhrif á þennan þátt.
5.7 Sorp og fráveita	Ný byggð kallar á uppbyggingu fráveitukerfa og aukna sorpförgun. Gert ráð fyrir nýju skólphreinsivirki á Sauðárkróki. Sorpförgun við Brimnes í Viðvíkursveit sem leysi af hólmi eldra svæði á Reykjaströnd. Staðbundin áhrif stefnu neikvæð á ásynnd lands við Brimnes og nærliggjandi útivistarsvæði.	Ný byggð kallar á uppbyggingu fráveitukerfa og aukna sorpförgun. Áfram Gert ráð fyrir nýju skólphreinsivirki á Sauðárkróki. Sorpförgun utan Skagafjarðar sbr. svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs.

4.6 Auðlindir

Í Aðalskipulagi Skagafjarðar 2009-2021 kemur fram að markmið sveitarfélagsins sé að minnka og flokka sorp og að það verði hirt á vistvænan hátt. Áhersla er á stjórnun efnistökusvæða og að þeim verði fækkað. Stefnt var að því að framkvæmdir við efnistöku falli vel að landslagi og að ekki verði gengið á öröskuð votlendissvæði. Áhrif efnistöku eru metin óveruleg til neikvæð.

Í Aðalskipulagi Skagafjarðar 2020-2035 er meginmarkmið að auðlindir verði nýttar á markvissan og skynsamlegan hátt til eflingar atvinnuvega og aukinna lífsgæða í þágu

sveitarfélagsins. Meðal viðfangsefna eru orkumál, ræktarland, efnistaka og meðhöndlun úrgangs. Markmið í endurskoðuðu aðalskipulagi eru:

- Nýting náttúruauðlinda byggi á bestu fánlegu tækni og þekkingu til að tryggja eins og kostur er sjálfbæra nýtingu þeirra.
- Bætt orkunýting.
- Að standa vörð um gott ræktarland og landbúnaðarland, með skýrum ákvæðum um umfang og fyrirkomulag uppbyggingar á landbúnaðarlandi.
- Stefnumörkun um efnistöku, nýja efnistökuastaði og lokun og frágang staða sem ekki eru í notkun. Engin efnistökusvæði eru innan skilgreindra náttúruverndarsvæða. Kveðið á um að forðast röskun vistgerða og jarðminja sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 og að tryggja vatnsvernd.
- Að draga úr magni úrgangs til förgunar og umfangi urðunar. Auka endurvinnsluhlutfall úrgangs og jarðgerð, sbr. markmið svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs.

Tafla 4-4 Auðlindir - umhverfisáhrif

Umhverfisþáttur	Valkostur 0 Aðalskipulag Skagafjarðar 2009-2021 ⁶	Valkostur 1 Aðalskipulag Skagafjarðar 2020-2025
	Auðlindir	Auðlindir
1. Náttúrufar	Neikvæð (-)	Neikvæð (-)
1.1 Jarðfræði og jarðmyndanir	Áhrif efnistöku eru óveruleg til neikvæð áhrif stefnumörkunar á jarðfræði og jarðmyndanir.	Áhrif efnistöku eru óveruleg til neikvæð á jarðfræði og jarðmyndanir. Stefnan er að ekki verði efnistaka á svæðum sem njóta verndar. Umfang áhrifa eru mismunandi eftir efnistökusvæðum og á eftir að fjalla nánar um nokkur svæði í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum.
1.2 Vatnafar. Sjór, strandlengja, ár		
1.3 . Lífríki (gróður og dýr)		
2. Landslag	Neikvæð (-)	Neikvæð (-)
2.1 Náttúrulegt landslag	Áhrif efnistöku eru metin óveruleg til neikvæð á náttúrulegt landslag.	Áhrif efnistöku eru metin óveruleg til neikvæð á náttúrulegt landslag. Allri efnistöku fylgir rask og breytingar á landslagi. Með skilmálum um staðsetningu, efnistökuáætlun og frágang er unnt að draga úr neikvæðum áhrifum á landslag.
2.2. Ásýnd byggðar		
2. Loftslag	Engin/óveruleg (0)	Jákvæð (+)
2.1 Loftgæði		Markmið um bætta orkunýtingu. Minnkun úrgangs og jarðgerð dregur úr metanlosun.
2.2. Losun gróðurhúsalofttegunda		
3. Samfélag	Jákvæð (+)	Jákvæð (+)
3.1 Atvinnulíf og efnahagur	Efnistaka og nýting staðbundinna auðlinda er jákvæð fyrir efnahag og atvinnuuppbyggingu. Stefnan hefur ekki bein áhrif á byggð, samfélagsþjónustu eða menningarminjar. Áhrif á aðra landnotkun eru ekki talin veruleg.	Efnistaka og nýting staðbundinna auðlinda er jákvæð fyrir efnahag og atvinnuuppbyggingu. Áhersla á bætta orkunýtingu, sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda og aukið endurvinnsluhlutfall úrgangs dregur úr sóun verðmæta. Stefnan hefur ekki bein áhrif á byggð, samfélagsþjónustu eða menningarminjar. Áhrif á aðra landnotkun eru ekki talin veruleg.
3.2 Byggð, íbúðar- og atvinnuhúsnæði		
3.3. Samfélagsþjónusta		
3.4 Menningarminjar		
3.4 Landnotkun		

⁶ Byggt á umhverfisskýrslu Aðalskipulags Skagafjarðar 2009-2021, sbr. samantekt kafla 4.24 í greinagerð aðalskipulagsins 2009

Umhverfisþáttur	Valkostur 0 Aðalskipulag Skagafjarðar 2009-2021 ⁶	Valkostur 1 Aðalskipulag Skagafjarðar 2020-2025	
	Auðlindir	Auðlindir	
4. Heilsa- og öryggi	Engin/óveruleg (0)	Engin/óveruleg (0)	
4.1 Náttúruvá	Stefna aðalskipulags um nýtingu auðlinda s.s. efnistöku eru ekki talin hafa bein eða veruleg áhrif á umhverfisþáttinn.	Stefna aðalskipulags um nýtingu auðlinda s.s. efnistöku eru ekki talin hafa bein eða veruleg áhrif á umhverfisþáttinn.	
4.2 Öryggi			
4.3 Hljóðvist			
4.4 Aðstaða til heilsuþætandi lífsmáta og vellíðan			
5. Auðlindir	Jákvæð (+)	Jákvæð (+)	Neikvæð (-)
5.1 Landrými	Færri efnistökuastaðir eru í gildandi skipulag og því minna landrými sem fer undir námur.	Áhersla á hagkvæma nýtingu lands og sjálfbæra nýtingu auðlinda. Efnistökusvæðum er fjölgað til að mæta þörfum fyrir uppbyggingu innviða og atvinnu. Efnistaka er í óendurnýjanleg auðlind, en í mörgum tilvikum er hægt að nýta land til annarra nota þegar gengið hefur verið frá námum. Sveitarfélagið lítir þess við stærri námur.	
5.2 Landbúnaðarland	Stefna um að standa vörð um gott ræktarland og styðja við landbúnað. Ómarkviss flokkun á landbúnaðarlandi og framfylgd stefnu.	Skýr stefna um að standa vörð um gott ræktarland og styðja við landbúnað. Mótaðir skilmálar um nýtingu landbúnaðarlands.	
5.3 Verndarsvæði	Stefna um að ganga ekki á öröskuð votlendissvæði	Auðlindanýting er almennt ekki líkleg til að valda neikvæðum áhrifum á verndarsvæði. Engin efnistökusvæði eru innan náttúruverndarsvæða. Sex efnistökusvæði vegna Blöndulínu eru á fjarsvæði vatnsverndar.	
5.4 Orkunotkun	Ekki fjallað um orkunotkun.	Markmið sett um bættu orkunýtingu, settar heimildir fyrir smávirkjanir,	
5.4 Vatnsnotkun/ vatnsbúskapur. Vatnból.	Mjög stór vatnsverndarsvæði og mörg vatnsból.	Breytingar á afmörkun vatnsverndarsvæða, þar sem dregið er úr umfangi þeirra en tryggt aðgengi sveitarfélagsins að góðu neysluvatni.	
5.7 Sorp og fráveita	Markmið um að minnka og flokka sorp. Sorpförgunarsvæði er utan sveitarfélagsins.	Markmið um að minnka og flokka sorp. Sorpförgunarsvæði er utan sveitarfélagsins. Áform eru um ný fráveitumannvirki sem eru til þess að mæta þörfum og standast kvaðir sem gerðar eru til slíkra kerfa.	

4.7 Samgöngur og veitur

Í Aðalskipulagi Skagafjarðar 2009-2021 er sett fram stefna um að samgöngubætur, almenningssamgöngur og vegagerð stuðli að því að sveitarfélagið verði eitt atvinnu- og félagssvæði, ásamt því að stuðla að eflingu og sameiningu þjónustusvæða þéttbýlisstaða. Bættar samgöngur og jarðgöng milli Siglufjarðar og Fljóta eru talin styrkja Skagafjörð sem atvinnu- og þjónustusvæði og efla hann sem eitt félagssvæði sem og auka umferðaöryggi. Áhrif samgönguuppbyggingar í Skagafirði hefði líklega óveruleg til neikvæð áhrif á jarðmyndanir, lífríki, neikvæð áhrif á landslag og landrými en jákvæð áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda, öryggi, efnahag og orkunotkun.

Í Aðalskipulagi Skagafjarðar 2009-2021 eru sett markmið um að nýta jarðhita til húshitunar, atvinnusköpunar og raforkuvinnslu þar sem hagkvæmt reynist. Gert er ráð fyrir að borholusvæði hitaveitu efst á Reykjarhóli. Að auki er gert ráð fyrir skólphreinsivirki á Borgarsandi við Sauðárkrók.

Gert er ráð fyrir nýjum háspennulínunum, Blöndulínu 3 og Sauðárkrókslínu 2. Lagning Blöndulínu 3 um Skagafjörð hefur neikvæð áhrif lífríki (gróður og dýr). Áhrif Blöndulínu eru metin jákvæð á efnahag, en óveruleg á aðra umhverfispætti þ.e. jarðfræði og jarðmyndanir, vatnafar, menningarminjar, landnotkun. Áhrif Blöndulínu 3 á landslag og ásýnd eru neikvæð ef um loftlínu er að ræða, en óveruleg ef um jarðstreng er að ræða. Á heildina litið eru líkleg neikvæð áhrif af Sauðárkrókslínu 2 milli Varmahlíðar og Sauðárkróks talin vera óveruleg. Þetta er í samræmi við stefnumið sveitarfélagsins um að stofnlagnaleiðir liggi meðfram aðalvegum eftir föngum og fari vel í landslagi. Einnig falla framkvæmdir vel að landslagi og að ekki verður gengið á óröskuð votlendissvæði. Aukið framboð orku og bætt afhendingaröryggi hefur jákvæð áhrif á samfélag í sveitarfélaginu á skipulagstímabilinu.

Aðalskipulag Skagafjarðar 2020-2035 byggir á gildandi stefnu um samgöngubætur, svo sem jarðgöng, en skerpir á markmiðum og bætir við nýjum í takt við nýjar forsendur. Helstu áherslur í aðalskipulagstillögu varðandi samgöngur og veitur eru:

- Jarðgöng milli Hjaltadals og Hörgárdals myndi líklega efla og sameina þjónustu- og atvinnusvæði Skagafjarðar við Norðurland sem og auka umferðaröryggi vegfarenda. Vegtengingar við kjarna og ferðmannastaði. Hringtenging úr Tungusveit og yfir á Kjálka í Akrahreppi.
- Stefna um samgöngur í þéttbýli útfærð nánar með tillögum að aðgerðum sem þjóna öllum ferðamátum.
- Reiðleiðir endurskoðaðar.
- Sauðárkrókshöfn þjóni þrjú hlutverki: fiskihöfn, flutningahöfn og ferðþjónustuhöfn. Horft til möguleika hafnarinnar á móttöku skemmtiferðaskipa. Hofsóshöfn er bátahöfn, sem nýtist bæði til útgerðar og ferðþjónustu. Utan þéttbýlis eru hafnir fyrir smábáta, viðlegukantar og skjólgarðar, í Haganesvík, Selvík og að Reykjum. Stefnt að bættri nýtingu Sauðárkróksflugvallar.
- Stuðla að því að framboð raforku mæti þörfum samfélagsins, m.a. orkuskiptum samgangna (hleðslustöðvar, rafvæðing hafnar) og atvinnuuppbyggingu.
- Bæta fjarskipti um ljósleiðara og þráðlaus kerfi (gsm, tetra) í sveitarfélaginu.
- Áfram er stefnt að uppbyggingu skólphreinsivirkis á Sauðárkróki og nýjum dælistöðvum.

Tafla 4-5 Samgöngur og veitur - umhverfisáhrif

Umhverfispáttur	Valkostur 0 Aðalskipulag Skagafjarðar 2009-2021 ⁷	Valkostur 1 Aðalskipulag Skagafjarðar 2020-2025
	Samgöngur og veitur	Samgöngur og veitur
1. Náttúrufar	Neikvæð (-)	Neikvæð (-)
1.1 Jarðfræði og jarðmyndanir	Stefna um samgönguuppbyggingu í Skagafirði hefur líklega óveruleg til neikvæð áhrif á jarðmyndanir og lífríki.	Stefna um samgönguuppbyggingu í Skagafirði hefur líklega óveruleg til neikvæð áhrif á jarðmyndanir og lífríki.
1.2 Vatnafar. Sjór, strandlengja, ár		

⁷ Byggt á umhverfisskýrslu Aðalskipulags Skagafjarðar 2009-2021, sbr. samantekt kafla 4.24 í greinagerð aðalskipulagsins 2009

Umhverfisþáttur	Valkostur 0 Aðalskipulag Skagafjarðar 2009-2021 ⁷	Valkostur 1 Aðalskipulag Skagafjarðar 2020-2025
	Samgöngur og veitur	Samgöngur og veitur
1.3 Lífríki (gróður og dýr)	Stefna um uppbyggingu raforkuflutningskerfisins í Skagafirði hefur neikvæð áhrif lífríki (gróður og dýr), en óveruleg á jarðmyndanir.	Stefna um uppbyggingu raforkuflutningskerfisins í Skagafirði hefur neikvæð áhrif lífríki (gróður og dýr), en óveruleg á jarðmyndanir.
2. Landslag	Neikvæð (-)	Neikvæð (-)
2.1 Náttúrulegt landslag	Stefna um samgönguuppbyggingu í Skagafirði hefði líklega staðbundin neikvæð áhrif á landslag.	Stefna um samgönguuppbyggingu í Skagafirði hefði líklega neikvæð áhrif á landslag.
2.2. Ásýnd byggðar	Stefna um uppbyggingu raforkuflutningskerfisins í Skagafirði hefur neikvæð áhrif á landslag ef framkvæmd er loftlína, en minni ef um jarðstrengi er að ræða. Skilmálar eru um að Rangárvallalína og Blöndulína 2 fari í jörðu þegar Blöndulína er reist.	Stefna um uppbyggingu raforkuflutningskerfisins í Skagafirði hefur neikvæð áhrif á landslag ef framkvæmd er loftlína, en minni ef um jarðstrengi er að ræða. Skilmálar eru um að Rangárvallalína og Blöndulína 2 fari í jörðu þegar Blöndulína er reist. Stækkun hafnar á Sauðarkróki kann að breyta ásýnd svæðisins, en það er ekki talið neikvætt.
2. Loftslag	Jákvæð (+)	Jákvæð (+)
2.1 Loftgæði	Stefna um samgönguuppbyggingu í Skagafirði styttr vegalengdir og kann að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.	Stytting aksturvegalengda í Skagafirði með vegabótum og jarðgöngum er líkleg til að draga úr losun GHG.
2.2. Losun gróðurhúsalofttegunda		Rafvæðing hafnar og styrking innviða til að mæta orkuskiptum hefur jákvæð áhrif á loftgæði og loftslag.
3. Samfélag	Jákvæð (+)	Jákvæð (+)
3.1 Atvinnulíf og efnahagur	Bættar samgöngur og jarðgöng munu líklega styrkja Skagafjörð sem atvinnu- og þjónustusvæði.	Bættar samgöngur og jarðgöng munu líklega styrkja Skagafjörð sem atvinnu- og þjónustusvæði. Stækkun hafnar á Sauðarkróki er mikilvægur þáttur í styrkingu efnahagslífs.
3.2 Byggð, íbúðar- og atvinnuhúsnæði	Stefna um uppbyggingu raforkuflutningskerfisins í Skagafirði eykur afhendingaröryggi og hefur jákvæð áhrif á atvinnulíf og efnahag.	Stefna um uppbyggingu raforkuflutningskerfisins í Skagafirði eykur afhendingaröryggi og hefur jákvæð áhrif á atvinnulíf og efnahag.
3.3. Samfélagsþjónusta	Bættar samgöngur bæta aðgengi að samfélagsþjónustu.	Bættar samgöngur bæta aðgengi að samfélagsþjónustu.
3.4 Menningarminjar	Framkvæmdir við vegi og veitur kunna að hafa áhrif á menningarminjar. Fyrir leyfisveitingar skulu minjar skráðar á framkvæmdasvæðum.	Framkvæmdir við vegi og veitur kunna að hafa áhrif á menningarminjar. Fyrir leyfisveitingar skulu minjar skráðar á framkvæmdasvæðum.
3.4 Landnotkun		
4. Heilsa- og öryggi	Jákvæð (+)	Jákvæð (+)
4.1 Náttúruvá	Jarðgöng draga úr umferð um fjallvegi þar sem kann að vera hættu á ofanflóðum eða veðurvá.	Jarðgöng draga úr umferð um fjallvegi þar sem kann að vera hættu á ofanflóðum eða veðurvá.
4.2 Öryggi	Bættar samgöngur og jarðgöng líklegar til að auka umferðaöryggi. Stefna um uppbyggingu raforkuflutningskerfisins í Skagafirði eykur afhendingaröryggi raforku og þar af leiðandi öryggi samfélagsinnviða, s.s. heilbrigðisstofnanna og fjarskiptakerfis.	Ákvæði eru sett um aðgerðir til að auka umferðaröryggi, í þéttbýli og með vegabótum m.a. jarðgöngum í dreifbýli sem munu auka umferðaröryggi vegfarenda. Tillögur að aðgerðum sem þjóna öllum ferðamátum. Stefna um uppbyggingu raforkuflutningskerfisins í Skagafirði eykur afhendingaröryggi raforku og þar af leiðandi öryggi samfélagsinnviða, s.s. heilbrigðisstofnanna og fjarskiptakerfis.
4.3 Hljóðvist	Hljóðvist við vegi versnar með aukinni umferð. Nýir vegir eru líklegir til að hafa neikvæð áhrif á hljóðvist nálægt þeim en	Hljóðvist við vegi versnar með aukinni umferð. Nýir vegir eru líklegir til að hafa neikvæð áhrif á hljóðvist nálægt þeim en

Umhverfisþáttur	Valkostur 0 Aðalskipulag Skagafjarðar 2009-2021 ⁷		Valkostur 1 Aðalskipulag Skagafjarðar 2020-2025	
	Samgöngur og veitur		Samgöngur og veitur	
	geta dregið úr umferð og þar með hávaða á öðrum vegum. Heilt yfir eru áhrif stefnu um samgöngur og veitur á hljóðvist í sveitarfélaginu talin óveruleg.		geta dregið úr umferð og þar með hávaða á öðrum vegum. Heilt yfir eru áhrif stefnu um samgöngur og veitur á hljóðvist í sveitarfélaginu talin óveruleg.	
4.4 Aðstaða til heilsuþætandi lífsmáta og vellíðan	Stefnan er talin hafa óveruleg áhrif á umhverfisþáttinn.		Markmið um virka samgöngumáta og bættar aðstæður fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur eru líkleg til að leiða til bættrar lýðheilsu.	
5. Auðlindir	Óveruleg (0)	Neikvæð (-)	Óveruleg (0)	Neikvæð (-)
5.1 Landrymi	Áhrif samgönguuppbyggingar í Skagafirði hefur líklega óveruleg neikvæð áhrif á landrymi. Með nýjum tengingum er tekið meira land undir samgöngur, en breytingin talin óveruleg. Blöndulína 3 tekur nýtt land undir raforkuflutning, en skilmálar um að Blöndulína 2 og Rangárvallalína fari í jörðu draga úr stærða svæða sem eru helguð raforkuflutningi.		Áhrif samgönguuppbyggingar í Skagafirði hefur líklega óveruleg neikvæð áhrif á landrymi. Með nýjum tengingum er tekið meira land undir samgöngur, en breytingin talin óveruleg. Blöndulína 3 tekur nýtt land undir raforkuflutning, en skilmálar um að Blöndulína 2 og Rangárvallalína fari í jörðu draga úr stærða svæða sem eru helguð raforkuflutningi.	
5.2 Landbúnaðarland	Almennt er talið að samgöngur og veitur valdi litlum neikvæðum áhrifum, en það verða einhverjar skerðingar m.a. vegna uppbyggingu Blöndulínu 3 og það að færa Blöndulínu 2 og Rangárvallalínu í jörðu.		Almennt er talið að samgöngur og veitur valdi litlum neikvæðum áhrifum, en það verða einhverjar skerðingar m.a. vegna uppbyggingu Blöndulínu 3 og það að færa Blöndulínu 2 og Rangárvallalínu í jörðu.	
5.3 Verndarsvæði	Framkvæmdir við samgöngur og veitur kunna að raska svæðum sem njóta verndar, en áhrifin háð óvissu um útfærslu framkvæmda.		Framkvæmdir við samgöngur og veitur kunna að raska svæðum sem njóta verndar, en áhrifin háð óvissu um útfærslu framkvæmda. Með staðarvali hefur verið leitast við að draga sem kostur er úr raski á verndarsvæðum.	
5.4 Orkunotkun	Stytting vegalengda dregur úr orkunotkun. Styrking raforkuflutningkerfis er er forsenda orkuskipta – rafhleðslustöðvum og rafvæðingu hafnar.		Stytting vegalengda dregur úr orkunotkun. Styrking raforkuflutningkerfis er forsenda orkuskipta – rafhleðslustöðvum og rafvæðingu hafnar.	
5.4 Vatnsnotkun/ vatnsbúskapur. Vatnból.	Stefnan er talin hafa óveruleg áhrif á umhverfisþáttinn.		Stefnan er talin hafa óveruleg áhrif.	
5.7 Sorp og fráveita	Nýtt skólphreinsivirki á Sauðárkróki og stefnumörkun um förgun úrgangs hafa jákvæð áhrif á umhverfisþáttinn.		Nýtt skólphreinsivirki á Sauðárkróki og stefnumörkun um förgun úrgangs hafa jákvæð áhrif á umhverfisþáttinn.	

4.8 Samfélag og samfélagsþjónusta

Í Aðalskipulagi Skagafjarðar 2020-2035 er sett fram markmið um hvernig sveitarfélagið getur mætt þörfum samfélagsþjónustu, uppbyggingu menntastofnana og tryggt gott aðgengi að heilbrigðisþjónustu, m.a. þjónustu fyrir aldraða. Áhersla verði lögð á að stuðla að góðri lýðheilsu í sveitarfélaginu, með því að tryggja aðgengi að útivistarsvæðum, náttúru, hreyfingu og afþreyingu. Í samráðsferlinu komu fram ábendingar um mikilvægi þess að bjóða upp á öflugra grunnþjónustu fyrir íbúa og að það væri grundvöllur til að stuðla að íbúafjölgun. Margar góðar hugmyndir komu hjá nemendum um tækifæri til að bæta aðstöðu í sveitarfélaginu og verður unnið með þær í skipulagsvinnunni.

Megináhersla er lögð á eftirfarandi viðfangsefni:

- Stuðla að öflugri opinberri þjónustu, sem er m.a. menntun og heilbrigðisþjónusta.

- Staðsetning samfélagsþjónustu verði á þann hátt að hún nýtist flestum innan sveitarfélagsins.
- Stuðla að heilsueflandi umhverfi, sem hvetur til útivistar og hreyfingar og stuðlar að bættri lýðheilsu.
- Skilgreina útivistarsvæði í þéttbýli og dreifbýli.
- Viðhalda þeim kostum sem sveitarfélagið og samfélagið býr yfir.

Tafla 4-6 Samgöngur og veitur - umhverfisáhrif

Umhverfisþáttur	Valkostur 0 Aðalskipulag Skagafjarðar 2009-2021 ⁸	Valkostur 1 Aðalskipulag Skagafjarðar 2020-2025
	Samfélagsþjónusta	Samfélagsþjónusta
1. Náttúrufrar	Engin/óveruleg (0)	Engin/óveruleg (0)
1.1 Jarðfræði og jarðmyndanir	Stefna um samfélagsþjónustu er ekki talin hafa neikvæð eða veruleg áhrif á náttúrufarsþætti.	Stefna um samfélagsþjónustu er ekki talin hafa neikvæð eða veruleg áhrif á náttúrufarsþætti.
1.2 Vatnafar. Sjór, strandlengja, ár		
1.3 . Lífríki (gróður og dýr)		
2. Landslag	Engin/óveruleg (0)	Jákvæð (+)
2.1 Náttúrulegt landslag	Stefna um samfélagsþjónustu er ekki talin hafa veruleg áhrif á landslag eða ásýnd byggðar.	Stefna um samfélagsþjónustu setur m.a. fram ákvæði um vanda hönnun opinberra stofnana og góða ásýnd.
2.2. Ásýnd byggðar		
2. Loftslag	Engin/óveruleg (0)	Engin/óveruleg (0)
2.1 Loftgæði	Stefna um samfélagsþjónustu er ekki talin hafa neikvæð eða veruleg áhrif á loftgæði eða losun gróðurhúsalofttegunda.	Stefna um samfélagsþjónustu er ekki talin hafa neikvæð eða veruleg áhrif á loftgæði eða losun gróðurhúsalofttegunda.
2.2. Losun gróðurhúsalofttegunda		
3. Samfélag	Jákvæð (+)	Jákvæð (+)
3.1 Atvinnulíf og efnahagur	Stefna um uppbyggingu mennta- og heilbrigðisstofnana, félagsþjónustu og aðstöðu fyrir ríkisstofnanir hefur jákvæð áhrif á atvinnulíf, efnahag og framboð samfélagsþjónustu.	Stefna um uppbyggingu mennta- og heilbrigðisstofnana, félagsþjónustu og aðstöðu fyrir ríkisstofnanir hefur jákvæð áhrif á atvinnulíf, efnahag og framboð samfélagsþjónustu.
3.2 Byggð, íbúðar- og atvinnuhúsnæði		
3.3. Samfélagsþjónusta		
3.4 Menningarminjar		
3.4 Landnotkun		
4. Heilsa- og öryggi	Jákvæð (+)	Jákvæð (+)
4.1 Náttúruvá	Stefna um samfélagsþjónustu hefur ekki áhrif á þennan umhverfisþátt.	Stefna um samfélagsþjónustu hefur ekki áhrif á þennan umhverfisþátt.
4.2 Öryggi	Aðalskipulagið markar stefnu um heilbrigðisþjónustu. Gott aðgengi að heilbrigðisþjónustu. Á Sauðárkróki er heilsugæslustöð, sjúkrahús og hjúkrunarheimili og útibúi heilsugæslu á Hofsósi. Slökkvistöð, slökkvilið og eldvarnaeftirlit er starfrækt af sveitarfélaginu. Sjúkrabílar staðsettir á Slökkvistöðinni á Sauðárkróki.	Aðalskipulagið markar stefnu um heilbrigðisþjónustu. Gott aðgengi að heilbrigðisþjónustu. Á Sauðárkróki er heilsugæslustöð, sjúkrahús og hjúkrunarheimili og útibúi heilsugæslu á Hofsósi. Slökkvistöð, slökkvilið og eldvarnaeftirlit er starfrækt af sveitarfélaginu. Sjúkrabílar staðsettir á Slökkvistöðinni á Sauðárkróki.

⁸ Byggt á umhverfisskýrslu Aðalskipulags Skagafjarðar 2009-2021, sbr. samantekt kafla 4.24 í greinagerð aðalskipulagsins 2009

Umhverfisþáttur	Valkostur 0 Aðalskipulag Skagafjarðar 2009-2021 ⁸	Valkostur 1 Aðalskipulag Skagafjarðar 2020-2025
	Samfélagsþjónusta	Samfélagsþjónusta
4.3 Hljóðvist	Stefna um samfélagsþjónustu hefur ekki áhrif á þennan umhverfisþátt.	Stefna um samfélagsþjónustu hefur ekki áhrif á þennan umhverfisþátt.
4.4 Aðstaða til heilsuþætandi lífsmáta og vellíðan	Þjónustustofnanir eru staðsettar miðlægt í þéttbýliskjörmunum og í góðu göngufæri fyrir flesta íbúa.	Þjónustustofnanir eru staðsettar miðlægt í þéttbýliskjörmunum og í góðu göngufæri fyrir flesta íbúa.
5. Auðlindir	Engin/óveruleg (0)	Engin/óveruleg (0)
5.1 Landrymi	Stefna um samfélagsþjónustu er ekki talin hafa veruleg áhrif á auðlindir og undirþættina.	Stefna um samfélagsþjónustu er ekki talin hafa veruleg áhrif á auðlindir og undirþættina.
5.2 Landbúnaðarland		
5.3 Verndarsvæði		
5.4 Orkunotkun		
5.4 Vatnsnotkun/ vatnsbúskapur. Vatnból.		
5.7 Sorp og fráveita		

4.9 Verndarsvæði

Í Aðalskipulagi Skagafjarðar 2009-2021 er mörkuð stefna um hverfisvernd bæði náttúruminja og menningarminja og afmörkuð og sett stefna um vatnsverndarsvæði.

Stefnumörkun aðalskipulags Skagafjarðar 2009-2021 sem snýr að verndarsvæðum er líkleg til að hafa jákvæð eða óveruleg áhrif á þá umhverfisþætti sem metnir eru.

Í tillögu að Aðalskipulagi Skagafjarðar 2020-2025 er afmörkun vatnsverndar endurskoðuð og afmörkun verndarsvæða uppfærð í samræmi við kortagrunna opinberra stofnanna, svo sem Minjastofnunar Íslands og Náttúrufræðistofnunar Íslands. Jafnframt er tekin upp í aðalskipulag stefnumörkun um verndarsvæði í byggð á Sauðárkróki og Hofsósi.

Tafla 4-7 Verndarsvæði - umhverfisáhrif

Umhverfisþáttur	Valkostur 0 Aðalskipulag Skagafjarðar 2009-2021 ⁹	Valkostur 1 Aðalskipulag Skagafjarðar 2020-2025
1. Náttúrufar	Mjög jákvæð (++)	Mjög jákvæð (++)
2. Landslag	Mjög jákvæð (++)	Mjög jákvæð (++)
2. Loftslag	Engin/óveruleg (0)	Engin/óveruleg (0)
3. Samfélag	Jákvæð (+)	Jákvæð (+)
4. Heilsa- og öryggi	Engin/óveruleg (0)	Engin/óveruleg (0)
5. Auðlindir	Engin/óveruleg (0)	Engin/óveruleg (0)

⁹ Byggt á umhverfisskýrslu Aðalskipulags Skagafjarðar 2009-2021, sbr. samantekt kafla 4.24 í greinargerð aðalskipulagsins 2009

5 Heildarniðurstaða umhverfismats

Niðurstöður fyrir umhverfispætti og samanburður áhrifa tillögu að endurskoðun aðalskipulags og gildandi aðalskipulags, þ.e. núllkosta.

Umhverfispáttur	Valkostur 0 Aðalskipulag Skagafjarðar 2009-2021 ¹⁰	Valkostur 1 Aðalskipulag Skagafjarðar 2020-2035
1. Náttúrufar		
1.1 Jarðfræði og jarðmyndanir	Iðnaðaruppbygging í Viðvíkursveit. Iðnaðarsvæði á Skarðsmóum og Reykjarströnd Efnistaka.	Dregið er verulega úr stærð iðnaðarsvæðis á Skarðsmóum og Reykjaströnd. Umfang íbúðarbyggðar minnkar m.a. á Nöfum. Umfang jarðrasks verður því minna. Fjölgun efnistökusvæða, sem kann að leiða til neikvæðra áhrifa.
1.2 Vatnafar. Sjór, strandlengja, ár	Iðnaðar- og hafnarsvæði í Viðvíkursveit og breytir strandlengjunni.	Óbreytt stefna um iðnaðarsvæði í Viðvíkursveit. Sett fram stefna um strandsvæði, sem eru líkleg til að draga úr neikvæðum áhrifum.
1.3 . Lífríki (gróður og dýr)	Uppbygging gengur á gróður og lífríki. Iðnaðaruppbygging í Viðvíkursveit, Skarðsmóum og Reykjarströnd. Ný athafnasvæði og íbúðarbyggð.	Óbreytt stefna um iðnaðarsvæði í Viðvíkursveit. Athafnasvæði af svipuðu umfangi. Íbúðarbyggð tekur yfir minna land. Almennt eru uppbyggingarsvæðum ekki á verndarsvæðum eða þar sem vistgerðir hafa hátt verndargildi.
2. Landslag		
2.1 Náttúrulegt landslag	Iðnaðaruppbygging í Viðvíkursveit. Iðnaðarsvæði á Skarðsmóum og Reykjarströnd Efnistaka	Áfram stefna að iðnaðaruppbyggingu í Viðvíkursveit. Dregið er úr umfangi iðnaðarsvæðis á Reykjaströnd. Þétting byggðar styður við núverandi landslag.
2.2. Ásýnd byggðar	Ekki er sett fram stefna eða viðmið um yfirbragð byggðar og ásýnd.	Stefna um vandað yfirbragð hverfa og byggðar sem skal taka mið af við deiliskipulag. Ákvæði úr áætlunum um Verndarsvæði í byggð á Sauðárkróki og Hofsósi tekin upp í aðalskipulag.
2. Loftslag		
2.1 Loftgæði	Iðnaðaruppbygging kann að hafa neikvæð áhrif á loftgæði, en áhrifin eru háð óvissu um eðli starfseminnar.	Áfram gert ráð fyrir iðnaðaruppbyggingu, en nokkuð dregið úr umfangi. Áhrif iðnaðaruppbyggingar háð óvissu um eðli starfseminnar. Rafvæðing Sauðárkrókshafnar stuðlar að betri loftgæðum.
2.2. Losun gróðurhúsalofttegunda	Iðnaðaruppbygging orkufreks iðnaðar fylgir líklega aukin losun og líklega neikvæð áhrif á loftslag. Óvissa er um eðli iðnaðarins og orkuöflun. Stefna um skógræktarsvæði stuðlar að aukinni kolefnisbindingu.	Stefna um iðnaðaruppbyggingu er líkleg til að stuðla að aukinni losun og hafa neikvæð áhrif á loftslag. Rafvæðing Sauðárkrókshafnar stuðlar að minni losun GHL. Minna umfang byggðar og þéttari byggðakjarnar styttu akstursvegalengdir.

¹⁰ Byggt á umhverfisskýrslu Aðalskipulags Skagafjarðar 2009-2021, sbr. samantekt kafla 4.24 í greinargerð aðalskipulagsins 2009

Umhverfispáttur	Valkostur 0 Aðalskipulag Skagafjarðar 2009-2021 ¹⁰	Valkostur 1 Aðalskipulag Skagafjarðar 2020-2035
		Stefna um skógræktarsvæði stuðlar að aukinni kolefnisbindingu.
3. Samfélag		
3.1 Atvinnulíf og efnahagur	Iðnaðaruppbygging myndi fjölga störfum. Stefna um lagningu raflína jákvæð fyrir efnahag, bætir afhendingaröryggi raforku sem styrkir forsendur atvinnureksturs.	Iðnaðaruppbygging myndi fjölga störfum. Stefna um lagningu raflína jákvæð fyrir efnahag, bætir afhendingaröryggi raforku sem styrkir forsendur atvinnureksturs. Stefna um smávirðjanir. Áhersla á fjölbreytni atvinnuuppbyggingar og þróunarmöguleikum í helstu geirum atvinnulífs, verslun- og þjónustu, samfélagsþjónustu, iðngreinum og landbúnaði.
3.2 Byggð, íbúðar- og atvinnuhúsnæði	Stefna um aukið framboð íbúðarlóða og athafnasvæða. Sett eru fram almenn viðmið um fjölda íbúða og nýtingarhlutfall sem gilda um öll svæði. Stærð íbúðarsvæða og stefna um þéttleika gefa kost á mun fleiri íbúðum en þörf er á mv. íbúaspá. Stærð atvinnusvæða og nýtingarhlutfall heimilar mikið byggingarmagn, sem ekki er raunhæft á öllum svæðum. Ekki sett fram áfangaskipting íbúðauppbyggingar og atvinnusvæða til að stýra þróun með markvissari hætti.	Umfang nýrrar íbúðarbyggðar minnkar miðað við 0-kost. Stefna um þéttleika byggðar og fjölda íbúða tekur mið af staðbundnum aðstæðum. Miðað er við að nýta vel svæði sem ekki eru fullbyggð, styrkja götumyndir með uppbyggingu óbyggðra lóða eða vannýttra svæða innan núverandi byggðar og að viðhalda byggðarmynstri. Sett er fram stefna um áfangaskiptingu uppbyggingar íbúðabyggðar. Kveðið á um deiliskipulag og áfangaskiptingu athafnasvæða. Byggingarmagn skilgreint fyrir hvert svæði eftir stærð og aðstæðum.
3.3. Samfélagsþjónusta	Stjórnsýsla, heilbrigðisþjónusta, þjónusta við aldraða og félagsþjónusta staðsett á Sauðárkróki. Á Sauðárkróki og Varmahlíð eru grunnskólar og leikskólar. Framhaldsskóli á Sauðárkróki með heimavist. Háskólinn á Hólum. Ríkisstofnanir með starfstöðvar á Sauðárkróki.	Stefna um að skapa skilyrði fyrir viðbótaruppbyggingu og þróun þjónustustofnana. Áhersla á gott aðgengi og miðlæga staðsetningu þjónustustofnana.
3.4 Menningarminjar	Markmið um skráningu minja, húsakannanir og stefna um verndun minja.	Markmið um skráningu minja, húsakannanir og stefna um verndun minja. Staðfestar áætlanir um Verndarsvæði í byggð á Sauðárkróki og Hofsósi teknar upp í aðalskipulag. Unnið verði áfram að skráningu fornminja á jörðum í dreifbýli og eldri skráningar uppfærðar. Gerð verði áætlun um framvindu skráningar yfir aðalskipulagstímabilið.
3.4 Landnotkun		
4. Heilsa- og öryggi		
4.1 Náttúruvá	Hluti íbúðarbyggðar í brekkunum undir Nöfum á Sauðárkróki eru skilgreind sem A- og B-hættusvæði vegna ofanflóða. Heimilt er að fjölga íbúðum með skilyrðum. Ekki er gert ráð fyrir öðrum framkvæmdum á svæðum sem stafar hætta vegna náttúruvá.	Hluti íbúðarbyggðar í brekkunum undir Nöfum á Sauðárkróki eru skilgreind sem A- og B-hættusvæði vegna ofanflóða. Heimilt er að fjölga íbúðum með skilyrðum. Ekki er gert ráð fyrir öðrum framkvæmdum á svæðum sem stafar hætta vegna náttúruvá.

Umhverfisþáttur	Valkostur 0 Aðalskipulag Skagafjarðar 2009-2021 ¹⁰	Valkostur 1 Aðalskipulag Skagafjarðar 2020-2035
4.2 Öryggi	Tillögur að vegabótum stuðla að auknu umferðaröryggi.	Stefna um samgöngur í þéttbýli og dreifbýli og tillögur að vegabótum stuðla að auknu umferðaröryggi.
4.3 Hljóðvist	Ekki liggja fyrir gögn um ástand hljóðvistar. Ætla má út frá tölum um umferðamagn á helstu vegum í sveitarfélaginu sem liggja gegnum byggð, s.s. um Sauðárkrók og Hofsó, að hávaði sé undir viðmiðunarmörkum.	Ekki liggja fyrir gögn um ástand hljóðvistar. Ætla má út frá tölum um umferðamagn á helstu vegum í sveitarfélaginu sem liggja gegnum byggð, s.s. um Sauðárkrók og Hofsó, að hávaði sé undir viðmiðunarmörkum.
4.4 Aðstaða til heilsubætandi lífsmáta og vellíðan	Gott framboð útivistarsvæða. Íþróttasvæði. Göngu- og reiðleiðir.	Gott framboð útivistarsvæða. Íþróttasvæði. Göngu-, hjóla- og reiðleiðir. Stefna um göngu- og hjólaleiðir er skýr og aðgerðir skilgreindar til að styrkja virka samgöngumáta.
5. Auðlindir		
5.1 Landrými	Iðnaðarsvæði í Viðvíkursveit og Reykjaströnd Gert er ráð fyrir uppbyggingarsvæðum s.s. íbúðarbyggð og atvinnusvæðu á óbyggðu landi.	Iðnaðarsvæði í Viðvíkursveit Iðnaðarsvæði á Reykjaströnd minnkar. Dregið úr stærð nýrrar íbúðarbyggðar, en athafnasvæði á Sauðárkróki og Varmahlíð eru stækkuð. Á heildina litið er umfang uppbyggingasvæða í þéttbýli svipað og áður
5.2 Landbúnaðarland	Almenn stefna um landbúnað í sátt við umhverfið. Greint verði hvar skilyrði eru sem best fyrir hinar ýmsu greinar landbúnaðar til að stuðla að hagkvæmri landnotkun. Heimil er uppbygging stakra íbúðarhúsa og frístundahúsa og aðstöðu fyrir þjónustu, athafnastarfsemi og ferðaþjónustu. Ekki eru ákvæði um hámarksfjölda stakra húsa eða umfang uppbyggingar. Votlendissvæði verði vernduð. Skógrækt verði eflað til nytja, skjóls og útivistar. Skilyrði um að skógrækt umfram 1 ha verði háð mati á aðstæðum m.t.t. áhrif á náttúru og landslag.	Stefnt að því að styrkja grunnstoðir landbúnaðarins og skapa skilyrði fyrir vaxtarsprotu, vöruþróun og nýsköpun í landbúnaði og tengdri starfsemi. Markmiðið er að forgangsraða nýtingu góðs ræktarlands til ræktunar og ýta undir viðhald þeirra gæða en beina annarri notkun annað. Staðinn verði vörður um gott ræktarland og landbúnaðarland, með því að móta skilmála ef breyta á landbúnaðarlandi og heimildir um uppbyggingu á landbúnaðarlandi. Stuðlað verði að tækifærum sem felast í nýtingu orku, raforku og jarðvarma, í sveitarfélaginu til ylræktar.
5.3 Verndarsvæði	Afmörkuð eru vatnsverndarsvæði sem taka til mjög stórs hluta sveitarfélagsins - allt land ofan 200 m.ys. í austur og vestur hálendi Skagafjarðar. Stefnt að því að uppfylla kröfur reglugerða um flokkunvatnsverndarsvæða og flokkun vatnasvæða. Gerð grein fyrir og merkt á uppdrátt svæði á náttúruminjaskrá, friðlýstar náttúruminjar og menningarminjar. Mörkuð er stefna um hverfisvernd hluta þeirra svæða sem njóta verndar náttúruverndarlaga og laga um menningarminja.	Vatnsverndarsvæði eru skilgreind og afmörkuð á grundvelli nýrrar greiningar. Gerð grein fyrir og merkt á uppdrátt svæði á náttúruminjaskrá, friðlýstar náttúruminjar og menningarminjar.
5.4 Orkunotkun	Stefna um iðnaðaruppbyggingu og orkufrekan iðnað.	Áfram gert ráð fyrir möguleikum á orkufrekum iðnaði í sveitarfélaginu. Markmið um innviði vegna orkuskipta, rafhleðslustöðvar, rafvæðingu Sauðárkrókshafna stuðla að minni notkun eldsneytis.
5.4 Vatnsnotkun/ vatnsbúskapur. Vatnból.	Aukin vatnsnotkun vegna stefnu um iðnaðaruppbyggingu í Viðvíkursveit.	Aukin vatnsnotkun vegna stefnu um iðnaðaruppbyggingu í Viðvíkursveit.

Umhverfisþáttur	Valkostur 0 Aðalskipulag Skagafjarðar 2009-2021 ¹⁰	Valkostur 1 Aðalskipulag Skagafjarðar 2020-2035
	Markmið um greiningu vatnsbóla og vatnsverndarsvæða og verndun þeirra.	Markmið um vatnsból og vatnsverndarsvæða og verndun þeirra.
5.7 Sorp og fráveita	Markmið sett um lausn fráveitu frá þéttbýlisstöðum. Skólphreinsivirki á Borgarsandi við Sauðárkrók (sjá I-1.3)	Skólphreinsivirki á Borgarsandi við Sauðárkrók (sjá I-1.3) Nýjar dælustöðvar og útrásir fráveitu á Sauðárkróki. Stefna um að draga úr umfangi urðunar og auka endurvinnsluhlutfall og jarðgerð sbr. markmið svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi.

6 Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda

Í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 eru tilgreindar framkvæmdir sem ávallt eru háðar ati á umhverfisáhrifum og falla þær í flokk A. Framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og eru metnar í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögunum eru í flokki B og C.

Í Aðalskipulagi Skagafjarðar 2020-2035 er mörkuð stefna um eftirfarandi framkvæmdir sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum.

6.1 Iðnaðaruppbygging

- Mannvirkjagerð vegna þróunar iðnaðarsvæðis sem tekur til 50 ha eða stærra svæðis, sbr. iðnaðarsvæði I1 Viðvíkursveit, eru framkvæmdir í flokki A sem skulu ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum.

6.2 Orkuíðnaður og flutningskerfi raforku

Gert er ráð fyrir lagningu háspennulína. Stefnt er að athugun á virkjunarkostum með uppsett afl allt að 10 MW.

- Loftlínur til flutnings á raforku með 66 kV spennu eða hærri eru framkvæmdir í flokki A sem skulu ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum. Blöndulína 3 er framkvæmd í A-flokki sbr. kafla 15.1 í greinagerð Aðalskipulags Skagafjarðar 2020-2035.
- Vatnsorkuver með uppsett rafafli 200 kW og að 10 MW eru tilkynningarskyldar framkvæmdir í flokki B.
- Stöðvar sem nýta vindafli til raforkuframleiðslu (vindbú) með 2 MW uppsett rafafli eða meira eru í flokki B. Stöðvar undir 2 MW rafafli eru tilkynningarskyldar framkvæmdir í flokki C.

6.3 Fráveita

Skólphreinsivirki með afkastagetu sem svarar til 50.000 persónueininga eða meira er framkvæmd í flokki A sem skal jafnframt ávallt vera háð mati á umhverfisáhrifum. Skólphreinsivirki með minni afkastagetu eru tilkynningarskyldar í flokki B og C.

- Skólphreinsivirki á Borgarsandi á Sauðárkróki (I-3.1).

6.4 Samgöngur

Nýir vegir sem eru 10 km eða lengri og hafnir sem skip stærri en 1.350 tonn geta siglt um eru samgönguframkvæmdir í flokki A sem skulu ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum.

- Í Aðalskipulagi Skagafjarðar 2020-2035 er gert ráð fyrir tveimur jarðgöngum, þ.e. milli Siglufjarðar og Fljóta sem hafa verið á aðalskipulagi og milli Hjaltadals og Hörgárdals.
- Í tengslum við iðnaðarsvæði í Viðvíkursveit er gert ráð fyrir höfn. Stærð hennar er óákveðin en gert ráð fyrir að hún geti tekið á móti stórum flutningaskipum. Hafnir (viðskiptahafnir, skipgengar vatnaleiðir og innhafnir) sem skip stærri en 1.350 tonn geta siglt um eru framkvæmdir í flokki A sem ávallt eru háðar mati á umhverfisáhrifum.

Nýir tveggja akreina vegir styttri en 10 km í þéttbýli, nýir vegir utan þéttbýlis á verndarsvæðum og enduruppbygging vega utan þéttbýlis á verndarsvæðum eru tilkynningarskyldir í flokki B og kunna að vera háðir mati á umhverfisáhrifum.

- Nýr vegur yfir Héraðsvötn við Villinganes sem er um 4 km.

6.5 Skógrækt

Nýræktun skóga á 200 ha svæði eða stærra eða á verndarsvæðum sem breytir fyrri landnotkun er tilkynningarskyld skógrækt í flokki B. Nýræktun skóga á allt að 200 ha svæði sem breytir fyrri landnotkun er tilkynningarskyld í flokki C.

- 270 ha skógræktarsvæði Brimnesi er tilkynningarskyld framkvæmd í flokki B.

6.6 Blöndulína 3

Við upphaf umhverfismats voru skoðaðir 5 valkostir um legu á Blöndulínu 3. Fyrsti valkosturinn var að Blöndulína 3 lægi um Vatnsskarð og þaðan annaðhvort Efribýggðarleið eða Héraðsvatnaleið, annar var að hún lægi um Hróðmundarskarð, þriðji að hún lægi um Kiðaskarð, fjórði að hún lægi meðfram byggðalínu og sá fimmti að hún lægi meðfram Þjóðvegi. Eftir samanburð á þessum 5 valkostum var ákveðið að skoða betur Efribýggðaleið, Héraðsvatnaleið og Kiðaskarðsleið, þar sem hinir gætu haft mjög neikvæð áhrif á einstaka umhverfisþætti og voru einnig ekki taldir vænlegri kostir. Að auki var skoðaður núllkostur, þ.e. sá kostur að ekki verði að framkvæmdum.

Ákvörðun liggur fyrir að lega Blöndulínu 3 verður samkvæmt Héraðsvatnaleið, en með breytingum sem sveitarfélagið hefur lagt til í skipulagsvinnu aðalskipulagsins og umhverfismati aðalskipulagsbreytingar. Hún er líkleg til að hafa umfangsminnstu umhverfisáhrifin þegar miðað er við að tryggja hagsmuni sveitarfélagsins um aðgengi og afhendingarmöguleika á raforku í sveitarfélaginu.

Hér á eftir verður farið yfir samanburð á Efribýggðaleið, Héraðsvatnaleið og Kiðaskarðsleið, sem sýnir fram á rökstuðning af hverju Héraðsvatnaleið varð fyrir valinu.

6.6.1 Samanburður valkosta Blönduleiðar 3

Valkostur A - Efribýggðaleið

- Valkosturinn er líklegur til að hafa óveruleg áhrif á jarðfræði og jarðmyndanir og landnotkun, en línuleiðin er skilgreind sem opið svæði.
- Efribýggðaleið mun fara minna um tún eða skilgreint landbúnaðarland en Héraðsvatnaleið.
- Meiri hættu er á að valkosturinn hafi neikvæð áhrif á vatnafar, miðað við aðra valkosti, en leiðin fer á kafla inn á fjarsvæði vatnsverndar. Jarðstrengur hefði líklega umfangsmeiri neikvæð áhrif á vatnsverndarsvæðið en loftlína vegna aukins jarðrasks.
- Valkosturinn er líklegur til að hafa neikvæð áhrif á lífríki þar sem framkvæmdin felur í sér rask á gróður- og búsvæðum meðfram raflínunum, sér í lagi ef um jarðstreng er að ræða.

- Valkosturinn skerðir votlendi að hluta.
- Efribyggðaleið skerðir vistgerðir með hátt og mjög hátt verndargildi meira en aðrir kostir.
- Samkvæmt matsskýrslu Blöndulínu 3 (Mannvit, 2012) eru um 32 fornleifar í hættu eða stórhættu á Efribyggðarleið.
- Varðandi áhrif vegna raf- og segulsviðs, og hávaða, er unnt að hnika til línustæði til að tryggja að engin byggð væri nær loftlínu en 200 m. Þannig er tryggt að viðkomandi áhrif séu innan viðmiðunarmarka.

Valkostur B – Héraðsvatnaleið

- Valkosturinn er líklegur til að hafa óveruleg áhrif á jarðfræði og jarðmyndanir og landnotkun, leiðin liggur inn á skilgreindu landbúnaðarsvæði en mun fylgja árfarvegi Héraðsvatna að stórum hluta.
- Héraðsvatnaleið, eins og Efribyggðaleið, tryggir betur en aðrir kostir að hægt verði að auka verulega aðgengi sveitarfélagsins að raforku. Fyrir aðra valkosti þarf að leggja nýjar raflínur um talsvert lengri leið s.s. frá Hvammkoti eða frá Blöndustöð.
- Valkosturinn skerðir votlendi og vistgerðir með hátt og mjög hátt verndargildi minna en Kiðaskarðsleið með tengingu við Varmahlíð og Efribyggðaleið, og skerðir votlendi sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga minnst allra valkosta.
- Valkosturinn fer um fjarsvæði vatnsverndar og jarðstrengur er talinn hafa neikvæðari áhrif á vatnsverndarsvæðið en loftlína. Héraðsvatnaleið skerðir þó vatnsverndarsvæði minnst allra valkosta.
- Lagt er til að hluti línunnar frá Húseyjarkvísl (Svartá) og austur fyrir Vindheima, fari í jörðu, til að draga úr sjónrænum áhrifum.
- Loftlína er líkleg til að hafa neikvæð áhrif á fuglalíf vegna áflugs. Héraðsvötn eru á lista yfir mikilvæg fuglasvæði í Evrópu (IBA) og á yfirliti yfir helstu votlendi á Norðurlöndum (Verkefnisstjórn 3.áfangar verndar-og orkunýtingaráætlunar, 2016). Héraðsvatnaleið liggur nær þessu mikilvæga fuglasvæði en aðrir kostir.
- Loftlína er líkleg til að hafa neikvæð áhrif á landslag og ásýnd. Jarðstrengur er líklegur til að hafa óveruleg áhrif. Fleiri munu sjá Héraðsvatnaleið en aðrar leiðir, þar sem hún fylgir mannvirkjabelti Hringvegur meira en aðrir kostir. Hins vegar er verið að breyta einkennum landslags minna ef leiðin fylgir eða er nærri mannvirkjabeltum, heldur en ef farið er um tiltölulega öröskuð svæði eða svæði þar sem ekki eru grunninnviðir í nágrenni.
- Sveitarstjórn leggur til að ákveðinn hluti leiðarinnar fari í jörðu, um 3,8 km, vestan við Húseyjarkvísl/Svartá og austur að Vindheimum, og að hugað verði að tegund mastra og að staðsetning mastra verði til þess að draga úr mögulegum neikvæðum sjónrænum áhrifum.
- Samkvæmt matsskýrslu Blöndulínu 3 (Mannvit., 2012) eru um 25 fornleifar í hættu eða stórhættu á Héraðsvatnaleið.
- Samkvæmt niðurstöðum á útreiknuðu raf- og segulsviði undir 220 kV háspennulínu borin saman við mörk skv. ICNIRP eru reiknuð gildi talsvert lægri en viðmiðunarmörk. Í 150 m fjarlægð frá línu eru reiknuð gildi orðin mjög lág. Með staðsetningu jarðstrengs er tekið tillit til þess að engir bæir verði innan 200 m frá legu strengsins til að tryggja að hljóðvist, rafsegulsvið og segulsvið verði öll innan nauðsynlegra marka.
- Miðað við útreikning á hávaða frá sambærilegri loftlínu (Efla, 2018) verður hávaði vegna Blöndulínu 3 innan marka reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða.

- Möguleg áhrif framkvæmda við byggingu raflína eða lagningu jarðstrengs á fiska eru að mati Hafrannsóknarstofnunar (Hafrannsóknarstofnun, 2016/2018) staðbundin og tímabundin og munu ekki hafa merkjanleg áhrif á verðmæti veiðinýtingar, þ.e. ef framkvæmdir eru gerðar með gát til að lágmarka rask.
- Að mati hafrannsóknarstofnunar ætti lagning strengja með línuborun ætti ekki að þurfa að hafa áhrif á vatnalíf.
- Á Héraðsvatnaleið er hvergi farið um friðlýst svæði, svæði á náttúruvinjaskrá eða svæði á náttúruverndaráætlun.

Valkostur C - Kiðaskarðsleið

- Talið var nauðsynlegt að horfa til tengingar á milli Varmahlíðar og Kiðaskarðsleiðar. Miðað var við að sú tenging færi á sama stað og Efribýggðaleið. Í umhverfismatinu var miðað við að tengingin yrði jarðstrengur, því að öðrum kosti hefði hún ekki ávinning fram yfir Efribýggðaleið.
- Valkosturinn er líklegur til að hafa óveruleg áhrif á jarðfræði og jarðmyndanir og landnotkun, en afmörkun leiðarinnar er að mestu skilgreind sem opið svæði í aðalskipulagi en þó fer hluti hennar um landbúnaðarsvæði.
- Kiðaskarðsleið mun hafa neikvæð áhrif á vatnafar, á sama hátt og Efribýggðarleið. Jarðstrengur hefði líklega umfangsmeiri neikvæð áhrif á vatnsverndarsvæðið en loftlína.
- Kiðaskarðsleið er líkleg til að hafa neikvæð áhrif á lífríki þar sem framkvæmdin felur í sér rask á gróður- og búsvæðum meðfram raflínum, sér í lagi ef um jarðstreng er að ræða.
- Ef um loftlínu er að ræða er mögulegt að fuglar verði fyrir neikvæðum áhrifum vegna áflugs.
- Valkosturinn er líklegur til að hafa neikvæð áhrif á landslag og ásýnd ef um loftlínu er að ræða en óveruleg áhrif ef lagður verður jarðstrengur. Kiðaskarð er lítt snortið svæði og liggur hátt í landinu.
- Samkvæmt matsskýrslu Blöndulínu 3 (Mannvit, 2012) eru um 32 fornleifar í hættu eða stórhættu á Efribýggðarleið.
- Varðandi áhrif vegna raf- og segulsviðs, og hávaða, er unnt að hnika til línustæði til að tryggja að engin byggð væri nær loftlínu en 200 m. Þannig er tryggt að viðkomandi áhrif séu innan viðmiðunarmarka.

Áhrif allra ofangreindra valkosta á efnahag eru talin jákvæð þar sem framkvæmdin felur í sér styrkingu flutningskerfis raforku sem styrkir mögulega atvinnuuppbyggingu og núverandi atvinnustarfsemi. Sterk og örugg tenging við flutningskerfi gefur sveitarfélaginu tækifæri á fjölbreyttari atvinnustarfsemi, þ.m.t. orkufrekri starfsemi. Slíkt er mikilvægt fyrir samkeppnisstöðu sveitarfélagsins í atvinnumálum og þar af leiðandi fyrir samfélagið allt. Það er grundvallaratriði að geta nýtt bættu raforkuinnviði til hagsbóta fyrir sveitarfélagið.

Núllkostur

Núllkostur er líklegur til að hafa jákvæð áhrif á jarðfræði og jarðmyndanir, vatnafar, lífríki, landslag, menningarminjar og landnotkun þar sem ekki verður af raski af völdum framkvæmda. Núllkostur er hins vegar líklegur til að hafa verulega neikvæð áhrif á efnahag samfélagsins. Ef ekki verður af framkvæmdum, kemur það niður á atvinnuuppbyggingu og auknu afhendingaröryggi, sem getur hamlað núverandi

atvinnustarfsemi. Núverandi byggðalína á Norðurlandi er fulllestuð og ekki er hægt að bæta við álagi á afhendingarstöðum þrátt fyrir að orka sé framleidd í landshlutanum.

Mótvægisáðgerðir og vöktunaráætlun

Eftirfarandi vöktunaráætlun er lögð fram fyrir Blöndulínu 3.

Umhverfisþáttur	Mótvægisáðgerðir / Vöktun	Ábyrgð
Vistgerðir	Við endanlega afmörkun efnistökuverði tekið mið af því að forðast rask á vistgerðum sem hafa hátt og mjög hátt verndargildi. Gera skal grein fyrir áhrifum á vistgerðir í umsókn um framkvæmdaleyfi, sem skipulagsnefnd og sveitarstjórn mun fara yfir.	Landsnet Sveitarfélagið Skagafjörður
	Við verkhönnun og val á endanlegri staðsetningu Blöndulínu 3, vegslóða, staursetningu og gerð plana, skal taka mið af því að forðast rask á vistgerðum sem hafa hátt og mjög hátt verndargildi. Gera skal grein fyrir áhrifum á vistgerðir í umsókn um framkvæmdaleyfi, sem skipulagsnefnd og sveitarstjórn mun fara yfir.	Landsnet Sveitarfélagið Skagafjörður
Fuglar	Í umhverfismati Blöndulínu 3 þarf að huga að flugleiðum fugla til og frá IBA verndarsvæðinu, og hvort að sú lína geti skapað áflugshættu.	Landsnet
Tún og óhreyft land	Við jarðstrengslögn skal reynt að fylgja vegslóðum, til að draga úr raski á óhreyfðu landi eða túnum.	Landsnet í samráði við sveitarfélagið
Votlendi	Huga þarf að mögulegum svæðum til að endurheimta votlendi sömu stærðar, sem tapast við framkvæmdir	Sveitarfélagið
Ásýnd	Velja skal mastrategundir í Blöndulínu 3 með hliðsjón af því að draga úr sjónrænum áhrifum, s.s. M-stálróramöstur. Huga skal að staðsetningu mastra og hæða mastra til að draga úr ásýnd loftlínu. Samráð við sveitarfélag við útfærslu á línustæði Blöndulínu 3, s.s. línustæði og masturstæði.	Landsnet í samráði við sveitarfélagið
Menningarminjar	Huga þarf að fornleifum við endanlega staðsetningu raflínu, náma og vegslóða. Skrá þarf fornleifar á svæðinu þar sem lagt er til að breyta legu Héraðsvatnaleiðar.	Landsnet
Vatnsvernd	Verklag við framkvæmdir vegna Blöndulínu 3 skal vera þannig að engin hætta verði á raski eða áhrifum á vatnsból og heitavatnsöflun.	Landsnet

6.6.2 Samantekt á áhrifum valkosta

Tafla 6.1 Samantekt umhverfisáhrifa fyrir valkosti Blönduleiðar 3.

Valkostur		Umhverfisþættir						
		Jarðfræði og jarðmyndanir	Vatnafar	Lífriki (gróður og dýr)	Landslag/ásýnd	Efnahagur	Menningarminjar	Landnotkun
Valkostur A Efribyggðarleið	L	Óveruleg	Neikvæð	Neikvæð	Neikvæð	Jákvæð	Óveruleg	Óveruleg
	J	Óveruleg	Neikvæð	Neikvæð	Óveruleg	Jákvæð	Óveruleg	Óveruleg
Valkostur B Héraðsvatnaleið	L	Óveruleg	Óveruleg	Neikvæð	Neikvæð	Jákvæð	Óveruleg	Óveruleg
	J	Óveruleg	Óveruleg	Neikvæð	Óveruleg	Jákvæð	Óveruleg	Óveruleg
Valkostur C Kiðaskarð	L	Óveruleg	Óveruleg	Neikvæð	Neikvæð	Jákvæð	Óvissa	Óveruleg
	J	Óveruleg	Óveruleg	Neikvæð	Óveruleg	Jákvæð	Óvissa	Óveruleg
Núllkostur		Jákvæð	Jákvæð	Jákvæð	Jákvæð	Verulega neikvæð	Jákvæð	Jákvæð

L = Loftlína, J = Jarðstrengur

Tafla 6.2 að neðan sýnir hve stórt svæði hver valkostur mun skerða. Vert er að benda á að votlendis sem eru stærri en 2 ha njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga og því er sérdálgur í töflunni fyrir slík votlendi. Valkostur C* í töflunni stendur fyrir Kiðaskarðsleið ásamt tengingu að tengivirki í Varmahlíð.

Tafla 6.2 – Samanburður á áhrifum valkosta á ákveðna umhverfisþætti

	A: Efribyggðaleið		B: Héraðsvatnaleið		C: Kiðaskarð		C*
	Loftlína	Jarðstr.	Loftlína	Jarðstr.	Loftlína	Jarðstr.	
Vistgerðir Hátt/mjög hátt	15,6 ha	29,4 ha	11,2 ha	21,4 ha	7,0 ha	13,2 ha	14,2 ha
Votlendi > 2 ha	1,0 ha	1,9 ha	0,1 ha	0,3 ha	2,3 ha	4,3 ha	>2,3 ha
Votlendi	7,8 ha	14,6 ha	4,8 ha	9,2 ha	3,1 ha	5,9 ha	7,2 ha
Ferðamanna- staðir	3		5		1		3
Tún og akurlendi	1,0 ha	1,9 ha	1,9 ha	3,5 ha	0,6 ha	1,0 ha	>1,0 ha
Vatnsvernd	19,8 ha	37,4 ha	9,2 ha	17,4 ha	6,1 ha	11,5 ha	>11,5 ha
Ásýnd / langslag	Neikvæð Mesta breyting	Óveruleg	Neikvæð Flestir sjá	Óveruleg	Neikvæð Fer um ný svæði	Óveruleg	Neikvæð Fer um ný svæði
Mannvirkjabelti			Fylgir mannvirkjabelti eða nágrenni þess mest af kostum		Fylgir mannvirkjabelti minnst af kostum		

6.7 Ný efnistökusvæði

29 ný efnistökusvæði eru til skoðunar. Þau umhverfisáhrif sem helst voru skoðuð voru áhrif á jarðfræði og jarðmyndanir, vatnafar, lífríki, landslag og ásýnd, efnahag, menningarmínjar og landnotkun. Tafla 6.3 sýnir samantekt á mögulegum áhrifum.

Í aðalsskipulagstillögu má sjá skipulagsákvæði vegna efnistöku og efnislosunar. Þar kemur meðal annars fram að forðast ber að raska vistgerðum og jarðminjum sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013, nema brýna nauðsyn beri til. Í umsókn um framkvæmdaleyfi skal gera grein fyrir áhrifum efnistöku á þessa umhverfisþætti. Þar að auki er eingöngu heimilt að losa ómengaðan jarðveg á efnislosunarstöðum, m.a. vegna grunnvatnsmála.

Með eftirfarandi töflu fylgja viðmið um hvort og hvernig námur séu háðar lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Tafla 6.3 – Möguleg umhverfisáhrif nýrra efnistökusvæða.

Nr.	Staður	Stærð (ha)	Magn (þús. m ³)	Umhverfisáhrif
E-1	Vatnsskarð (tvær námur).	12,4	125	Fellur í flokk 2 í verndarflokkun Vegagerðarinnar - náma með hátt verndargildi, þar sem afmörkun námunnar er innan fjarsvæðis vatnsverndar (Mannvit., 2012). Um er að ræða straumvatnaset, sem er að hluta vaxið lyngi og mosa og að hluta ógróið svæði. Áhrif að mestu óveruleg, en getur haft tímabundin óafturkræf neikvæð áhrif á vatnafar.
E-2	Héraðsvötn við Vindheima, utan við rofvarnargarð.	6,0	100	Fellur í flokk 5 í verndarflokkun Vegagerðarinnar – náma með mjög lágt verndargildi. Áhrif að mestu óveruleg, en getur haft neikvæð áhrif á lífríki. Töluverð veiði er í Héraðsvötnum og áhrifin gætu orðið óafturkræf.
E-3	Héraðsvötn við Héraðsdal, milli Uppsala og Héraðsdals.	6,4	300	Fellur í flokk 5 í verndarflokkun Vegagerðarinnar – mjög lágt verndargildi. Áhrif að mestu óveruleg en mögulega neikvæð áhrif á lífríki.
E-4	Vindheimar, skammt vestan við Héraðsvötn.	0,8	12	Fellur í flokk 4 í verndarflokkun Vegagerðarinnar – lágt verndargildi. Áhrif að mestu óveruleg en gæti haft tímabundin neikvæð áhrif á landslag og ásynnd á meðan framkvæmdum stendur.
E-5	Valadalur. Þrjú lítil svæði.	0,4	3	Fellur í flokk 2 í verndarflokkun Vegagerðarinnar – hátt verndargildi, vegna þess að staðsetning þeirra er innan fjarsvæðis vatnsverndar. Áhrif að mestu óveruleg en námurnar eru líklegar til að hafa tímabundin neikvæð áhrif á vatnafar sem talin eru að mestu afturkræf.
E-6	Stuðlar við Klittur.	0,5	8	Fellur í flokk 2 í verndarflokkun Vegagerðarinnar – hátt verndargildi. Valkosturinn er talinn hafa óveruleg áhrif á vatnafar, lífríki, landnotkun og menningarminjar en verulega neikvæð áhrif á jarðfræði og jarðmyndanir ásamt landslagi og ásynnd. Stuðlaberg er sérstök jarðmyndun sem skal vernda samkvæmt lögum. Við efnisnám yrði einnig lítt snortnu svæði raskað. Sveitarfélagið mun því ekki heimila efnistöku á þessum stað fyrr en útséð er með að ekki fái sambærilegt efni á öðrum efnistökusvæðum eða að umhverfismat framkvæmda sýni fram á að umfangsminni umhverfisáhrif.
E-7	Klittur.	4,5	25	Fellur í flokk 5 í verndarflokkun Vegagerðarinnar – mjög lágt verndargildi. Áhrif að mestu óveruleg en mögulega tímabundin neikvæð áhrif á landslag, ásynnd og landnotkun.
E-8	Minni Hádegisdals.	3-5	15	Fellur í flokk 4 í verndarflokkun Vegagerðarinnar – lágt verndargildi. Áhrif að mestu óveruleg en líklega tímabundin neikvæð áhrif á vatnafar, landslag og ásynnd.
E-9	Minni Húsdals ofan við Valadal.	4,0	25	Fellur í flokk 4 í verndarflokkun Vegagerðarinnar – lágt verndargildi. Áhrif að mestu óveruleg en líklega tímabundin neikvæð áhrif á vatnafar, landslag og ásynnd.

E-10	Víðimýrará.	0,8	5	Fellur í flokk 4 í verndarflokkun Vegagerðarinnar – lágt verndargildi. Áhrif að mestu óveruleg en líklega tímabundin neikvæð á vatnafar, landslag og ásýnd. Einnig líklega tímabundin neikvæð áhrif á lífríki sem gætu verið óafturkræf.
E-11	Reykir. Vegsneiðingur þar sem vegurinn fer upp á sjávarhjalla suður af bænum Reykjum undir Sandfelli.	1,0	20	Fellur í flokk 3 í verndarflokkun Vegagerðarinnar – meðal verndargildi. Mögulegt rask á vistgerðum með hátt og mjög hátt verndargildi, s.s. starungsmýravist og runnamýravist.
E-12	Fossárteigur. Ár- og skriðukeilur sem fara reglulega yfir veginn sunnan við Fossárteig.	2,4	45	Fellur í flokk 3 í verndarflokkun Vegagerðarinnar – meðal verndargildi. Mögulegt rask á vistgerðum með hátt og mjög hátt verndargildi, s.s. starungsmýravist, víðikjarrvist og runnamýravist.
E-13	Skarðshagi	2,0	40	Fellur í flokk 3 í verndarflokkun Vegagerðarinnar – meðal verndargildi. Mögulegt rask á vistgerðum með mjög hátt verndargildi, s.s. starungsmýravist og víðikjarrvist.
E-14	Innstaland. Ár- og skriðukeila niður af Innstalandbotni, vestan vegar.	1,0	15	Fellur í flokk 3 í verndarflokkun Vegagerðarinnar – meðal verndargildi. Mögulegt rask á vistgerðum með mjög hátt verndargildi, s.s. starungsmýravist. Skógrækt er staðsett skammt frá.
E-15	Vestan við bæinn Reykjarhól.	2,4	45	Fellur í flokk 3 í verndarflokkun Vegagerðarinnar – meðal verndargildi. Mögulegt rask á vistgerðum með mjög hátt verndargildi, s.s. starungsmýravist.
E-16	Móskógar. Forn sjávarhjalli austan við bæinn Móskóga í Haganesvík	3,0	45	Fellur í flokk 3 í verndarflokkun Vegagerðarinnar – meðal verndargildi. Mögulegt rask á vistgerðum með mjög hátt verndargildi, s.s. starungsmýravist og víðikjarrvist.
E-17	Gljúfurá. Í farvegi Gljúfurár sunnan við bæinn Vatnsleysu við Austari-Héraðsvötn	2,0	30	Fellur í flokk 2 í verndarflokkun Vegagerðarinnar – hátt verndargildi. Liggur innan mikilvægs fuglasvæðis. Mögulegt rask á vistgerðum með mjög hátt verndargildi, s.s. starungsmýravist og víðikjarrvist.
E-18	Vatnsleysa, gömul vegagerðisnáma	1-2	50	Fellur í flokk 2 í verndarflokkun Vegagerðarinnar – hátt verndargildi. Nú þegar raskað land vegna gamallar námu. Malarnám úr ánni hjálpar til við að halda ánni í farvegi. Liggur innan mikilvægs fuglasvæðis. Mögulegt rask á vistgerðum með mjög hátt verndargildi, s.s. starungsmýravist og víðikjarrvist.
E-19	Ás. Ás á norðaustanverðu Hegranesi. Klöpp rétt sunnan við innkeyrslu heimreiðarinnar að Ási.	1,5	40	Fellur í flokk 2 í verndarflokkun Vegagerðarinnar – hátt verndargildi. Liggur innan mikilvægs fuglasvæðis. Mögulegt rask á vistgerðum með mjög hátt verndargildi, s.s. gulstararfloavist, starungsmýravist og runnamýravist.
E-20	Ferjuhamarsnáma. Vestan vegar milli Hellulands og Kárastaða um mitt vestanvert Hegranes.	4,0	20	Fellur í flokk 2 í verndarflokkun Vegagerðarinnar – hátt verndargildi. Liggur innan mikilvægs fuglasvæðis. Mögulegt rask á vistgerðum með mjög hátt verndargildi, s.s. starungsmýravist.
E-21	Hóll. Vestan við bæinn Hól í Tungusveit	1,5	40	Fellur í flokk 3 í verndarflokkun Vegagerðarinnar – meðal verndargildi. Mögulegt rask á vistgerðum með mjög hátt verndargildi, s.s. starungsmýravist og víðikjarrvist.
E-22	Hverhólar I	1,5	40	Fellur í flokk 3 í verndarflokkun Vegagerðarinnar – meðal verndargildi. Mögulegt rask á vistgerðum með mjög hátt verndargildi, s.s. starungsmýravist.
E-23	Hverhólar II. Náma í botnuðningsholt	1,5	30	Fellur í flokk 3 í verndarflokkun Vegagerðarinnar – meðal verndargildi. Mögulegt rask á vistgerðum með mjög hátt verndargildi, s.s. starungsmýravist og víðikjarrvist.

	(jökulruðning) sunnan við bæinn Hverhóla.			
E-24	Goðadalssneiðingar. Sneiðingurinn vestan brúar nærri Goðdölum.	1,5	40	Fellur í flokk 3 í verndarflokkun Vegagerðarinnar – meðal verndargildi. Mögulegt rask á vistgerðum með mjög hátt verndargildi, s.s. starungsmýravist.
E-25	Litla Hlíð áreyri. Áreyri í Hofsa rétt norðvestan við bæinn Litlu Hlíð í Vesturdal.	0,85	15	Fellur í flokk 3 í verndarflokkun Vegagerðarinnar – meðal verndargildi. Mögulegt rask á vistgerðum með mjög hátt verndargildi, s.s. starungsmýravist og víðikjarrvist.
E-26	Lágmúli á Skaga, vestari náma	4,5	150	Fellur í flokk 3 í verndarflokkun Vegagerðarinnar – meðal verndargildi. Mögulegt rask á vistgerðum með hátt og mjög hátt verndargildi, s.s. snarrótarvist og starungsmýravist.
E-27	Lágmúli á Skaga, austari náma	1-2	100	Fellur í flokk 3 í verndarflokkun Vegagerðarinnar – meðal verndargildi. Mögulegt rask á vistgerðum með hátt og mjög hátt verndargildi, s.s. snarrótarvist og starungsmýravist.
E-28	Borgarsandur	2-4	25	Fellur í flokk 3 í verndarflokkun Vegagerðarinnar – meðal verndargildi. Gríðarlega mikill sandur berst á svæðið og fyllist þá það rými sem tekið hefur verið úr. Þar af leiðandi myndast aldrei gryfjur, nema tímabundið og að takmörkuðu leyti. Liggur innan mikilvægs fuglasvæðis.
E-29	Vallarnes, við árbakka Héraðsflyjóta	1-2	100	Fellur í flokk 3 í verndarflokkun Vegagerðarinnar – meðal verndargildi. Gömul náma þar sem efnið endurnýjar sig með stöðugum framburði Héraðsvatna. Mögulegt rask á vistgerðum með mjög hátt verndargildi, s.s. starungsmýravist og víðikjarrvist.

- Efnistaka og/eða haugsetning er ávallt matsskyld ef áætlað er að raska 250.000 m² (25 ha) svæði eða stærra eða efnismagn er 500.000 m³ eða meira.
- Efnistaka og/eða haugsetning er tilkynningaskyld til Skipulagsstofnunar ef:
 - Hún fer fram á verndarsvæðum.
 - Áætlað er að raska 25.000 m² (2,5 ha) svæði eða stærra eða efnismagn er 50.000 m³ eða meira.

6.8 Önnur efnistökusvæði¹¹

Önnur efnistökusvæði eru 18 talsins, þ.e. eru efnistökusvæði nr. E30 – E-47, sbr. töflu 15.1 og skipulagsákvæði í kafla 15.1 greinargerðar Aðalskipulags Skagafjarðar 2020-2035. Þessi efnistökusvæði voru öll skilgreind í Aðalskipulagi Skagafjarðar 2009-2021 og hafa verið nýtt af Vegagerðinni

Ekkert af þessum efnistökusvæðum er vegna umfangs og stærðar matsskyldar eða tilkynningarskyldar framkvæmdir, sbr. 1. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Tafla 6.4 Önnur efnistökusvæði.

Nr.	Staður	Stærð (ha)	Magn (þús. m ³)	Efnisgerð
E-30	Skagaselsnáma 2	1,2	40	Jökulruðningur

¹¹ Eftir auglýsingu aðalskipulagstillögu var í samráði við landeigendur bætt inn eldri námum úr Aðalskipulagi Skagafjarðar 2009-2021, sem vantaði inn í auglýsta tillögu. Um er að ræða efnistökusvæði E-30-E47. Þær eru ekki taldar breyta niðurstöðum umhverfismats aðalskipulagsins, sbr. kafla 4.6 *Audlindir* og kafla 5 *Heildarniðurstöður umhverfismats*.

E-31	Skíðastaðanáma við Þverárfjallsveg	2,4	45	Möl og fínefni
E-32	Ytri-Ingveldarstaðir	2,0	40	Möl og grjót
E-33	Fagranes austan bæjar	1,5	45	Möl
E-34	Hegranes	1,5	40	Berg
E-35	Hegranes 2	1,5	45	Möl og sandur
E-36	Litla-Hlíð, áreyrar Hofsrár	1,3	48	Möl
E-37	Kolgröf	2,0	40	Jökulruðningur
E-38	Bústaðir 2	1,0	30	Stórgrýtt mól
E-39	Tungunáma í Ástungu	2,0	40	Möl
E-40	Grafargerði	2,3	40	Möl
E-41	Miðhús II	2,3	40	Möl og sandur
E-42	Hrolleifsdalsá 2	2,0	35	Möl og sandur
E-43	Stafá	2,4	45	Möl og sandur
E-44	Hraun í Fljótum	2,4	48	Skriðuefni
E-45	Reynistaður	2,0	35	Möl
E-46	Brúnkollumelar	1,5	30	Möl blandað fínefum
E-47	Klaufabrekknanáma	2,0	35	Jökulruðningur

7 Heimildir

Efla. (2018). *Hólasandslína 3, 220 kV raflína frá Akureyri að Hólasandi - Frummatsskýrsla*. Reykjavík: Landsnet.

Hafrannsóknarstofnun. (2016/2018). *Þverun Laxár í Laxárdal og Eyjafjarðarár með rafstrengjum vegna lagningar Hólasandslínu 3. Greinargerð vegna mögulegra áhrifa framkvæmda á fiskistofna. Úttekt unnin 2016 og endurskoðað í janúar 2018*.

Mannvit. (2012). *Blöndulína 3 (220 kV) frá Blöndustöð til Akureyrar - Matsskýrsla*. Reykjavík: Landsnet.

Verkefnisstjórn 3.áfangar verndar- og orkunýtingaráætlunar. (2016). *Lokaskýrsla*. Reykjavík: Umhverfis- og auðlindaráðuneytið.

Náttúrufræðistofnun Íslands. [Vistgerðakort](#).

